

ÝMSIR HÖFUNDAR

# Skiðblaðnir, fyrsti

*Tímarit*



TUNGLIÐ | FORLAG

REYKJAVÍK MMXVI

## **SKÍÐBLAÐNIR, FYRSTI – TÍMARIT**

© Höfundarnir, 2016. ISBN 978-9935-472-10-6

Útgefandi: Tunglið forlag, Reykjavík, 2016. Prentun: Leturprent. Sögur þessar birtust fyrst í fyrstu fjórum tölublöðum raftímaritsins Skíðblaðnis frá mars 2015 til febrúar 2016. Ritstjóri Skíðblaðnis er Sverrir Norland. Í ritstjórn Skíðblaðnis sitja auk hans Dagur Hjartarson og Ragnar Helgi Ólafsson. Ljósmyndir á kápu eru fengnar af Flickr. Höfundar þeirra eru: Penny Lane (stúlkur haldast í hendur), Khadijah Carrico (hreyft andlit), Andrés Nieto Porras (vegur og fjall), Ciocci (stúlka í rúmi), David Howard (margmenni á fjöldafundi), Khan104 (frostrósir), Xanatos Satanicos Bombasticos (stúlka í rólu), Paco Burrola (maður í frosti).

---

## EFNISYFIRLIT

Guðrún Inga Ragnarsdóttir: <i>Gatið</i> .....	5
Einar Lövdahl: <i>Hér hvílir meðaljón</i> .....	25
Magnús Sigurðsson: <i>Legó</i> .....	35
Þórdís Helgadóttir: <i>Korríró, beibí</i> .....	37
Hrafnhildur Þórhallsdóttir: <i>Hljóðrás tímans</i> .....	47
Einar Leif Nielsen: <i>Hin langa nótt</i> .....	57
Björn Halldórsson: <i>Veggir</i> .....	73



---

## GATIÐ

*eftir*

Guðrúnu Ingu Ragnarsdóttur

**F**ljótlega eftir að ég fluttist inn í íbúðina mína bankaði ég upp á hjá Hólmfríði, gömlu konunni á jarðhæðinni, og kynnti mig. Hólmfríður var lágvaxin og bústin, klædd í bleika blússu og rósótt, skósítt pils. Þunnt hárið var silfurgrátt og varirnar málaðar eldrauðar. Hún brosti hlýlega til mín og bauð mér inn í kaffi. Mér fannst það fallest af henni og þáði boðið.

Hún hellti upp á bleksterkt, ódrekkandi kaffi og bauð upp á konfekt sem var áreiðanlega frá síðustu öld. Ég þindi þetta í mig fyrir kurteisissakir. Feitasti köttur sem ég hafði augum litið hlammaði sér í kjöltuna á mér. Hólmfríður hló og þegar hún fullyrta

að kötturinn Brandur væri sá elsti á landinu og hún hefði fengið hann í þrítugsafmælisgjöf árið 1965 varð mér ljóst að hún var ekki alveg með réttu ráði.

„Unnusti minn gaf mér hann,“ sagði hún og það dimmdi yfir henni. „Hann var nú meiri heybrókin.“ Hún horfði rannsakandi á mig, eins og hún væri að velta fyrir sér hvort ég væri líka heybrók. „En hann er sem betur fer löngu horfinn til feðra sinna,“ bætti hún við og virtist kætast við tilhugsunina.

Hólmfríður hélt langa ræðu um gamla unnustann og það hversu afleitur hann hefði verið. Ég beið eftir að hún gerði hlé á frásögninni til að geta skotið því inn að ég þyrfti að drífa mig. En sú gamla skipti fyrirvaralaust um umræðuefni, leit hvasst á mig og hvíslaði: „Ertu búinn að hitta Sigurjón?“

„Hver er það?“ spurði ég.

„Það er von að þú vitir það ekki. Maðurinn hefur búið héra í þrjú ár og enn ekki rolast til þess að setja merkimiða á dyrabjölluna. Enda eru morðingar ekki mikið fyrir föndur.“

„Morðingar?“ endurtók ég. Mér var örlítið brugðið, ekki vegna þess að ég tryði konunni, heldur vegna þess að ég taldi þetta merki um ofsóknarbrjálæði.

„Já,“ sagði hún alvarleg á svip. „Sigurjón er ótíndur glæpamaður og morðingi. Hann sat í steininum í mörg ár.“

„Fyrir morð?“

Hólmfríður kinkaði kalli.

„Nú? Hvern drap hann?“

„Fleiri en einn, skal ég segja þér, og fleiri en tvo. Þú skalt passa þig á morðingjanum í risinu. Brandi líkar ekki við hann og hann er ansi mannglöggur.“

„Var hann bara látinn laus eftir nokkur ár?“

„Já,“ hnussaði Hólmfríður. „Hugsaðu þér dómkerfið í þessu landi.“

„Já, það mætti oft vera betra. Þakka þér fyrir upplýsingarnar. Og innilegar þakkir fyrir kaffið.“

Ég bjóst við að kötturinn myndi færa sig þegar ég reyndi að standa upp en hann lá steinrotaður í kjöltunni á mér og gaf frá sér hljóð – eða öllu heldur óhljóð – einhvers konar blöndu af hrotum og mali. Hólmfríður brosti, stóð upp úr stólnum og lyfti kettinum í fang sér. Hann rumskaði ekki og sú gamla fylgdi mér til dyra með ferlíkið í fanginu. Ég var hissa á kröftunum í henni.

„Komdu nú aftur í kaffi bráðlega, Baldvin minn. Það er alltaf gaman að spjalla við svona unga og myndarlega menn.“ Hún blikkaði mig. Kötturinn opnaði annað augað og horfði letilega á mig áður en hann byrjaði aftur að hrjóta. Ég gat ekki varist brosi á leiðinni inn til mín.

Ég naut þess að taka upp úr kössunum. Í sumum þeirra voru hlutir sem ég hafði ekki séð í mörg ár og þótti mjög vænt um. Í fyrsta skipti í langan tíma fannst mér ég eiga heimili. Ég var tiltölulega nýfluttur aftur til landsins eftir áralanga námsdvöl í Svíþjóð þar sem ég hafði búið við slæman húsakost og öryggisleysi. Leigumarkaðurinn var mér ekki að skapi. Íbúðin

mín hér heima var hins vegar virkilega falleg. Hún var í virðulegu gömlu steinhúsi á besta stað. Stutt frá miðbænum en þó í afskaplega rólegu hverfi. Íbúðin var björt og nýlega endurnýjuð. Það voru glænýjar flísar á baðherberginu og vandað parket á gólfinu. Ég hefði ekki getað valið betur sjálfur. Ég gæti jafnvel gengið svo langt að tala um draumaíbúð. Þetta voru að minnsta kosti frábær fyrstu kaup og ég réði auðveldlega við afborganirnar enda búinn að landa vel launuðu starfi á rótgróinni verkfræðistofu. Ég virti nýja leðursófasettið fyrir mér og íhugaði hvernig best væri að raða því. Ég hafði líka keypt mér tvíbreitt, amerískt gæðarúm. Það eina sem vantaði í íbúðina var góð kona. Ég hafði skráð mig inn á stefnumótasiðu þar sem ég átti í áhugaverðum samræðum við nokkrar álitlegar ungar konur. Ég hafði á tilfinningunni að eitthvað ánægjulegt kæmi út úr þeim samskiptum fyrr en síðar.

Mér fannst sjálfsögð kurteisni að kynna mig fyrir fólkinu í húsinu og eftir lýsingar Hólmfríðar var ég orðinn ansi forvitinn um nágretta okkar í risinu. Ég ætlaði að heilsa upp á hann einn daginn þegar ég kom heim úr vinnunni en sá að gluggatjöldin í íbúðinni hans voru dregin fyrir. Sennilega vildi hann ekki láta trufla sig, svo ég ákvað að bíða með heimsóknina. Næsta dag voru gluggatjöldin líka dregin fyrir svo ég beið enn.

Þriðja daginn hvarflaði að mér að hugsanlega væri Sigurjón ekki mikið fyrir dagsljósið. Ég gekk alla leið upp tröppurnar og bankaði á hurðina hans. Ég hugsaði



til Hólmsfríðar gömlu og brosti út í annað. Morðinginn í risinu. Þvílíkt ímyndunarafli.

Ég var í þá mund að snúa við þegar hurðinni var hrundið upp. Hár og ískyggilega grannur maður stóð í gættinni. Hann virtist nokkrum árum eldri en ég, órakaður og þreytulegur. Dökkt hárið var tekið saman í fléttu sem féll niður eftir annarri hliðinni og alla leið niður á maga. Mig hryllti við þegar ég sá að á öxl hans sat hvít rotta með rauð augu og neri saman framloppunum. Hikandi rétti ég fram höndina.

Mér var skapi næst að draga hana aftur til baka þegar ég sá að maðurinn færði hægri höndina upp að munninum og dró sígarettu í gegnum handarbakið. Sígarettan varð eftir í munnvikinu á meðan hann tók í höndina á mér.

Hann var með gat í gegnum höndina. Lítið, kringlótt gat sem passaði fullkomlega fyrir sígarettu. Hann þurfti ekki að halda henni milli fingranna eins og annað fólk.

„Vertu blessaður,“ sagði ég og kynnti mig.

„Sæll,“ sagði hann. „Sigurjón heiti ég.“

Ég virti höndina á Sigurjóni fyrir mér. En furðulegt. Hvernig var hægt að vera með gat á þessum stað? Hann virtist hafa skerta hreyfigetu í fingrunum sem voru skakkir og stífir. Hann tók sígarettuna út úr sér með vinstri hendinni og blés reyknum frá sér. Mér fannst fádæma tillitsleysi að koma reykjandi til dyra, enda er ég með ofnæmi fyrir sígarettureyk.

„Var ég nokkuð að vekja þig?“ spurði ég.

Sigurjón hristi höfuðið.

„Alls ekki. Velkominn í hverfið,“ sagði hann og brosti.

Ég brosti á móti þótt mér væri það þvert um geð. Var hann að hæðast að mér? Brosið líktist heldur glotti og augnaráðið var einhvern veginn stingandi. Augun voru líka óþægilega græn.

„Þakka þér fyrir,“ sagði ég. „Hvernig líkar þér hérna?“

„Sæmilega. Kerlingin niðri er samt kexrugluð. Hún ákallar alltaf guð almáttugan þegar hún mætir mér og kastar stundum á mig sandi eða einhverjum fjandanum.“ Hann hló lágt.

„Já. Hún er svolítið skrautleg,“ sagði ég. Rottan krafsaði í hárið á Sigurjóni. Hann tók hana í lófann og strauk henni um kollinn með vísifingrinum. Síðan lét hann lófann nema við enda fléttunnar. Rottan klifraði upp fléttuna og settist aftur á öxl hans þar sem hún hélt áfram að nudda saman framloppunum. Ég færði mig ögn fjær.

„Jæja,“ sagði ég. „Ég ætlaði bara að láta vita af mér. Gaman að hitta þig.“

Sigurjón kinkaði kalli. „Ég myndi bjóða þér kaffisopa ef það væri aðeins snyrtilegra hérna. Ég er búinn að draga það aðeins of lengi að taka til.“

Því var ég sammála. Íbúðin var óþrifaleg. Mér kæmi ekki á óvart ef þar leyndust fleiri subbuleg kvikindi. Kötturinn hennar Hólmsfríðar mætti alveg kíkja í heimsókn, ef það var þá eitthvert veiðieðli eftir í gamla letihaugnum.

Mér leið ónotalega allt kvöldið og lá andvaka hálfra nóttina. Þótt ég hefði bara talað við Sigurjón í örfáar mínútur fann ég að hann hafði óþægilega nærveru. Kannski var sannleikskorn í því sem Hólmsfríður sagði. Ég tók þessum morðingjastimpli auðvitað með fyrirvara en satt best að segja hefði það ekki komið mér á óvart ef hann hefði sitthvað prentað á sakaskrána. Gatið í hendinni var ekki eftir eitthvert venjulegt slys. Kannski handrukkari hafi borað í gegnum hana?

Í kaffitímanum daginn eftir sat ég með vinnufélagunum í mótuneytinu, þeim Birgi, Ingólfi og Árna. Strákarnir hlógu og göntuðust en svefnleysi næturinnar setti mark sitt á mig. Auk þess var ég enn með hugann við Sigurjón, sem var ekki upplífandi. Strákarnir hlógu hressilega að einhverju og þegar hlátursrokurnar dvínuðu gaf Árni mér olnbogaskot.

„Hvað er að angra þig í dag, Baldvin?“

Ég sagði þeim frá heimsókninni til Sigurjóns. Þegar ég minntist á gatið í lófanum greip Birgir fram í fyrir mér:

„Heyrðu, það var einhver náungi með gat í hendinni að vinna með Tóta bróður fyrir nokkrum árum.“ Ég brosti út í annað. Dæmigert. Þetta er svo lítið land.

„Það hlýtur að vera hann. Hvar voru þeir að vinna?“ spurði ég.

„Hjá einhverju litlu tölvufyrirtæki sem ég man ekki hvað heitir. Bróðir minn vann ekki lengi þarna. Hann hætti þegar honum bauðst betra starf.“

„Sagði hann þér eitthvað frá þessum manni?“

„Já, ég man bara að mér fannst þetta gat merkilegt. Svo minnst mig að hann hafi átt frekar skuggalega fortíð. Setið í Hrauninu eða eitthvað.“

Ég hætti við að bíta í brauðbolluna mína. „Veistu fyrir hvað?“

Birgir hristi höfuðið. „Æ, ég man það ekki.“

„Konan á neðri hæðinni var eitthvað að tala um að hann hefði setið inni fyrir morð,“ sagði ég.

Strákarnir skelltu upp úr.

„Er það kerlingin sem á fimmtuga köttinn? Ég myndi kannski ekki alveg treysta öllu sem hún segir,“ sagði Ingólfur.

„Ég geri það ekkert,“ sagði ég hálfpirraður. „Ég hélt að þetta hefði verið tómur uppspuni hjá henni. En það er þá kannski eitthvað til í því sem hún segir. Ég er samt ekkert að segja að maðurinn sé morðingi.“

„Nei. Fyrst sú gamla heldur að fimmtán ára köttur sé fimmtugur þá hefur þessi svokallaði morðingi kannski gleymt að gefa gullfisknum sínum að éta,“ sagði Ingólfur og hló að eigin myndni. Eins og venjulega.

Árni sötraði síðustu dropana úr kaffibollanum og horfði svo á mig. „Hættu að hugsa svona mikið um þetta fólk,“ sagði hann. „Þú hefur ekki gott af því. Lítur út eins og þú hafir ekki sofíð í viku. Þú ert ekki sá eini sem átt skrítna nággranna.“

Ég yppti öxlum, feginn því að kaffitímanum væri að ljúka. Ég nennti ekki að rökræða við Árna. Því varð ekki jafnað saman að eiga skrítna nággranna á borð við Hólmfríði og hættulega nággranna eins og Sigurjón

kannski var. Áður en vinnudeginum lauk hafði ég fengið símanúmerið hjá bróður Birgis.

Sigurjón hlaut að vera hættur að vinna hjá þessu tölvufyrirtæki vegna þess að yfirleitt heyrði ég útidyráhurðinni skellt um tíuleytið á kvöldin og svo aftur á meðan ég drakk morgunkaffið. Hann hlaut að vinna einhverja næturvinnu. Stundum komu nokkrir dagar í röð þar sem hann fór hvergi. Þá var hann líklega í vaktafrii. Seint á þeim kvöldum spilaði hann þunglyndislega símfónútónlist. Hún truflaði mig svo sem ekkert að ráði, hún var ekki hátt stillt, en það að hann hlustaði á svona tónlist angraði mig þó eilítið. Mér fannst óþægilegt að hugsa til þess að hann lægi í rúminu, hlustandi á Beethoven eða hvað þetta var, á meðan ég reyndi að sofna nokkrum metrum neðar, við ljúfar melódíur Billie Holiday. Þegar ég heyrði útidyráhurðinni skellt á kvöldin andaði ég yfirleitt léttar. Ég svaf betur þær nætur sem hann var í burtu.

Þegar ég kom heim úr vinnunni einn daginn mætti ég Hólmmfríði í anddyrinu. Hún hélt á Brandi og mér sýndist hún vera að þurrka af gluggakistunni með rófunni á honum. Hún brosti svo skein í gervitennurnar. „Komdu sæll, Baldvin minn. Gaman að sjá þig. Má ekki bjóða þér inn í kaffi?“

Boðið freistaði mín ekki. Ég ætlaði að afþakka kurtislega þegar hvarflaði að mér að kannski væri skynsamlegt að spjalla aðeins við hana.

Hólmmfríður benti mér á að setjast í sófann, rétti mér kattarhlunkinn og sagðist ætla að hella upp á kaffi.

„Ekkert kaffi fyrir mig, takk,“ sagði ég.

„Hvaða, hvaða. Ég er enga stund að hella upp á.“

„Nei, takk. Ég er hættur að drekka kaffi.“

„Hættur að drekka kaffi?“ endurtók Hólmfríður hissa. „Hvaða aumingjaskapur er það? Ertu kannski einn af þessum heilsupostulum sem kaupa sér kreista gulrót fyrir morðfjár?“

„Nei, nei. Alls ekki. Kaffi fer bara svo illa í mig.“

„Nú jæja. Færðu niðurgang, elskan?“

„Nei. Ég á bara erfitt með að sofna.“

„En klukkan er ekki nema rétt rúmlega fjögur?“ sagði hún og gaf sig ekki.

„Jæja. Ég fæ þá kannski tíu,“ sagði ég og bölvaði sjálfum mér um leið.

Kötturinn byrjaði að hrjóta og ég var viss um að hann færi bráðum að slefa í ofanálag. Svo ekki sé minnst á allt rykið sem loðir við svona feld, sérstaklega þegar hann er notaður sem rykklútur. Ég þyrfti örugglega að fara með fötin í hreinsun.

Hólmfríður kom aftur inn í stofu með kaffi og konfektskál sem ég kannaðist við.

„Sjá ykkur tvo. Brandi líkar svo vel við þig,“ sagði hún og blikkaði mig.

„Alveg eins og mér.“ Hólmfríður rétti mér kaffibollann og otaði konfektskálinni að mér. Ég fékk mér einn grjótharðan mola og saup á súru kaffinu.

„Segðu mér, Hólmfríður, hvað veistu um þessa glæpi sem Sigurjón hefur verið dæmdur fyrir? Hvernig fréttirðu af því að hann hefði setið inni?“

„Ég frétti þetta frá henni Jónínu vinkonu minni. Sigurjón sat inni með sonarsyni hennar. Hann er samt indæll drengur. Lenti bara í slæmum félagsskap. Já. Það er svona þegar foreldrarnir taka upp á því að flytja í Kópavoginn. Barnið lék sér með glæpamönnum.“

„Kemur Jónína stundum í heimsókn til þín?“

Hólmfríður brosti daufllega. „Hún Ninní heitin? Já, það gerir hún. Hún er hætt að kjafta við mig, bless-unin, en hún kemur af og til.“

„Veistu nokkuð hvar er hægt að hafa upp á sonarsyni hennar?“

Hólmfríður saup á kaffinu. „Ja, hvern þá? Hún á nokkra.“

„Nú, þessum sem var með Sigurjóni í fangelsi.“

Hólmfríður hvessti augun á mig. „Þú ert þó ekki að snuðra eitthvað um hann Sigurjón? Þú skalt vara þig á því, góði minn. Hann er morðóður, mundu það. Þú skalt fara varlega að honum. Eins og ég geri. Ég reyni bara að takmarka samskipti mín við manninn og bið guð um að hjálpa honum þegar við mætumst, en það er sem betur fer sjaldan. Stundum kasta ég salti á hann til þess að hreinsa burt illa anda.“ Hólmfríður dró saltstauk upp úr pilsvasanum og rétti mér. „Ég legg til að þú fáiir þér einn svona. Það er aldrei að vita hvenær maður mætir fólki sem þarf á þessu að halda. Þetta er besta tegundin.“

Ég leit á saltstaukinn. Katla, stóð á honum, dauð-hreinsað salt. Ég rétti henni staukinn aftur. „Er einhvers staðar hægt að hafa uppi á sonarsyni vinkonu þinnar?“

„Já, já. Austur í Árnassýslu.“

„Býr hann þar?“

„Hann dvelur þar um sinn. Á Litla-Hrauni.“

„Situr hann ennþá inni?“

„Honum var víst stungið inn aftur, vesalingnum. Þeir hleypta morðingjum út í hrönnum en henda ljúfu drengjunum alltaf inn aftur.“

Ég hafði lítinn áhuga á því að ræða við einhvern tukthúslim. Þeir voru eflaust ekki bestu vitnin um aðra glæpamenn. Á Hólmsfríði var heldur varla mark takandi. Ég þakkaði fyrir mig, stóð upp með sofandi köttinn í fanginu og lagði hann í sófann. Fötin mín voru þakin gulum hárum.

Þórður, bróðir Birgis, reyndist ágætis heimildar maður. Ég hefði gjarnan viljað fá ítarlegri upplýsingar frá honum en það verður ekki á allt kosið. Þórður sagðist vel muna eftir manningnum með gatið, mundi nafnið á honum reyndar ekki í svipinn en ég hressti upp á minni hans. Sigurjón var það.

Þórður sagðist hafa verið að vinna í þessu fyrirtæki í svo stuttan tíma að hann hefði ekki náð að kynna neinum að ráði. Hann hafi þó spjallað nokkrum sinnum við Sigurjón og líkað ágætlega við hann. Hann sagðist hafa dauðlangað að spyrja hann hvað hefði komið fyrir höndina á honum en ekki kunnað við það. Þegar ég spurði hann út í meinta fangelsisvist sagðist hann hafa heyrt um hana útundan sér á kaffistofunni.

„Ég er ekki viss um að nokkur hafi vitað fyrir hvað hann sat inni,“ sagði Þórður. „Hann hélt sig út af fyrir



sig og fólk virtist jafnvel hálfsmeykt við hann. Ég gæti trúað að hann hafi átt einhverja fortíð í dópheiminum en ég held að hann hafi nú verið búinn að snúa við blaðinu.“

Trú mín á að Sigurjón væri í fikniefnabransanum styrktist. Ég reyndi að fylgjast með grunsamlegum mannaferðum við húsið en Sigurjón fékk aldrei heim-sóknir. Hann gekk stundum í áttina að miðbænum. Kannski vildi hann halda heimili sínu utan viðskipt-anna.

Ég stóð í þeirri trú að hann tengdist fikniefnaheim-inum allt þar til ég fór að taka eftir undarlegri hegðun. Hegðun sem ég gat ekki tengt við fikniefnabrásk. Það var leikvöllur fyrir utan húsið okkar. Hann var ekkert sérstaklega spennandi. Þar voru tvær dekkjarólur, klifurgrind, gamaldags vegasalt og sandkassi fullur af kattaskít. Það var vinsælli leikvöllur í næstu götu. Stundum, þegar ég kom heim úr vinnunni, voru krakkar að leika sér þarna. Þegar engin börn voru á leikvöllinum voru rimlagardínurnar í stofuglugga Sigurjóns dregnar fyrir. Þegar krakkar voru þar að leik sat Sigurjón við gluggann og horfði á þau.

Í fyrstu fannst mér ekkert óeðlilegt við það. Ég á það sjálfur til að setjast við gluggann með kaffibollann minn svolitla stund og horfa á börnin leika sér. Það er gaman að fylgjast með krökkunum og rifja um leið upp gleði og áhyggjuleysi bernskunnar. Ég hugsaði meira að segja að ef til vill væri Sigurjón ekki alsælur. Hann hafði nú einu sinni verið saklaus drengur og fannst

kannski notalegt að rifja upp æskuárin. En þegar ég kom heim úr vinnunni dag eftir dag og sá manninn glápa á börnin gegnum hálflykt gluggatjöld hætti mér að standa á sama. Stundum gerði ég mér ferð út í búð síðar um daginn til að athuga hvort hann sæti enn við gluggann. Ef börnin voru ennþá á leikvellingum sat hann þar enn. Annars ekki.

Því meira sem ég hugsaði um líf hans og hegðun því grunsamlegri þótti mér hann. Maðurinn hefur unnið í tölvugeiranum og án þess að ég hafi nokkuð á mótí tölvunarfræðingum – margir minna nánustu vina starfa við forritun – held ég að það sé nokkuð algengt að barnaníðingar séu tölvunörðar, með tölvuna fulla af viðbjóðslegu efni og þekkingu til þess að leyna því.

Mér fannst þessi uppgötvun mín svo augljós að ég hálfskammaðist mín fyrir að hafa ekki komist að þessu fyrr. Ég sá eftir því að hafa reitt mig á upplýsingar annarra, eins og Þórðar. Þær blinduðu mig. Maðurinn var ekki dópsali, hann var einn af lágkúrulegustu skepnum jarðar. Ónotin við að búa nálægt honum margfölduðust eftir þetta. Mér fannst ég sífellt þurfa að vera á varðbergi. Barnanna vegna.

Ég kipptist við í hvert sinn sem ég heyrði útidyráhurðinni skellt. Þá leit ég út um gluggann. Oftast var það bara Hólmsfríður, en hún fór gjarnan í göngutúra á daginn. Stundum gekk hún út í sjoppu, en þá var gott að stytta sér leið gegnum leikvöllinn. Eitt sinn sá ég að lítil stelpa togaði í pilsfaldinn hennar, þá dró hún upp saltstaukinn og stráði salti yfir hana. Þegar Sigurjón

fór út fylgdist ég með ferðum hans. Yfirleitt fór hann í áttina að miðbænum en stundum gekk hann yfir leikvöllinn. Þegar hann fór í bæinn andaði ég léttar. En þegar hann gekk yfir leikvöllinn tók hjartað aukaslag. Ég fylgdist með því hvort hann stansaði til að tala við börnin. Í eitt skipti sá ég að nokkrir krakkar hópuðust í kringum hann og vildu endilega fá að toga í fléttuna. Ég gretti mig. Þegar ég var lítill togaði ég í flétturnar á stelpunum, ekki á einhverjum síðhærðum öfugugga.

Þegar Sigurjón fór út í sjoppu settist ég við gluggann. Hann kom alltaf reykjandi til baka, svo það var augljóst hvað hann vantaði. Mér fannst ég verða að fylgjast með honum á bakaleiðinni. Ég varð ekki var við að hann gaukaði sælgæti að börnunum, eins og algengt var með svona menn. Hann talaði þó stundum við börnin, en ég var ekki viss hvort hann gerði það að fyrra bragði. Krökkunum virtist þykja hann eitthvað spennandi. Ég skildi ekki af hverju. Þessi aumingjadyrkun samfélagsins virtist hefjast strax í bernsku.

Það tók á bæði andlega og líkamlega að búa í nálægð við afbrotamann af verstu sort. Þótt ég væri handviss um sekt hans hafði ég ekki nægar sannanir til að hringja í lögregluna. Eftir nokkrar vikur var ég orðinn aðframkominn af svefnleysi og streitu. Ég gat ekki sinnt vinnunni sem skyldi því Sigurjón leitaði stöðugt á huga minn. Þegar ég vaknaði einn laugar-dagsmorguninn, ósofinn og úrillur, ákvað ég að keyra austur í sumarbústað foreldra minna við Þingvallavatn.

Ég tók með mér gönguskó og pappíra sem ég þurfti að skila af mér á mánudag.

Sveitasælan gerði mér gott. Ég vaknaði úthvöldur á sunnudagsmorguninn, með harðsperrur eftir langa gönguferð. Þingvallasveitin er engri lík. Foreldrar mínir keyptu sumarbústaðinn þegar ég var lítill patti og því eyddi ég heilu sumrunum á þessu dásamlega svæði. Ég er ákaflega þakklátur fyrir það. Mikil útivist í æsku hefur lykiláhrif á heilsuna í framtíðinni. Mér tókst að fara í gegnum alla pappírsvinnuna og ók í bæinn eftir að hafa grillað svínakótelettu og kartöflur í kvöldmatinn. Þegar heim var komið horfði ég á nýjustu myndina með Kevin Spacey og opnaði hvítvínsflösku sem ég hafði geymt í kælinum frá því að ég flutti inn. Ég hafði reyndar vonast til þess að deila henni með huggulegum kvenmanni, en ég hafði ekki getað sinnt samræðunum á stefnumótasiðunni sem skildi. Það mátti alltaf kaupa nýja flösku.

Myndin var góð. Vinið var afbragð. Þegar leið á kvöldið lækkaði ég reglulega í sjónvarpinu til þess að athuga hvort ég heyrði sínfóníuóm að ofan. En ég heyrði ekkert. Og ekki heyrði ég útidyráhurðinni skellt. Þegar hvítvínsflaskan var hálfnuð ákvað ég að velta þessu ekki frekar fyrir mér. Ég gat ekki látið manninn hafa svona mikil áhrif á mig. Myndarinnar skyldi ég njóta, án þess að lækka hljóðið.

Ég svaf ágætlega um nóttina. Ekki jafn vel og í sveitinni en þó mun betur en undanfarið. Þegar ég drakk morgunkaffið heyrði ég útidyráhurðinni ekki skellt.

Vinnudagurinn var óvenjugóður. Ég fann lítið fyrir þreytu og var allur mun frísklegri. Það var ótrúlegt hvað sveitaloftið gerði líkamanum gott. Ég var þó ekki frá því að fjarvera Sigurjóns hefði sitthvað að segja. Þegar ég kom heim úr vinnunni var ljómandi gott veður og hópur barna lék sér á leikvellingum. Ég leit upp í stofuglugga Sigurjóns. Hann sat ekki við gluggann. Þegar ég fór út í sjoppu eftir að dimmdi sá ég að í íbúðinni var ekkert ljós. Þetta kvöld var útidyráhurðinni ekki skellt og engin sinfóníutónlist var spiluð í húsinu. Ég svaf eins og ungbarn.

Næsta dag var það sama uppi á teningnum. Veðrið var jafnvel betra og leikvöllurinn fullur af börnum. En Sigurjón sat ekki við gluggann. Ég fór út í búð og keypti mér dýrindis nautasteik. Ég hafði sjaldan eldað jafn bragðgóða máltíð.

Vitneskjan um að Sigurjón væri ekki í húsinu fyllti mig vellíðan. Ég hvíldist vel og gat loksins fest hugann við eitthvað annað en undarlega hegðun hans. Vinnufélagar mínir höfðu orð á því að ég liti betur út og loks varð ég ánægður með afköstin. Ég hafði auk þess gefið mér tíma til þess að rækta samskiptin á stefnumótasíðunni og var búinn að mæla mér mót á veitingahúsi við metnaðarfulla konu sem, af myndinni af dæma, var afar glæsileg. Ég komst þó ekki hjá því að velta fyrir mér hvar Sigurjón væri niðurkominn. Sennilega var ástæðan ósköp hversdagsleg. Ef til vill var hann í heimsókn hjá ættingjum úti á landi eða í utanlandsferð með félögum sínum, ef hann átti þá

einhverja félaga. En kannski, og það vonaði ég innst inni, var búið að stinga honum aftur í steininn.

Enn eitt sólskinssíðdegið í þessari frábæru viku hellti ég mér upp á kaffi eftir ánægjulegan vinnudag. Þegar ég leit út um gluggann var mér svo brugðið að ég hellti sjóðheitu kaffinu næstum yfir mig. Þarna var Sigurjón. Á leikvellingum. Hann leiddi litla stelpu og virtist á leið inn í húsið okkar.

Stelpan hélt á grænum sælgætispoka.

Þegar ég heyrði útidyrhurðinni skellt lagði ég eyrað við hurðina á íbúðinni minni. Í fyrstu heyrði ég fótatak og mannamál en greindi þó engin orðaskil. Þegar fótatakið nálgast heyrði ég stelpurödd spyrja:

„Er laugardagur í dag?“

„Nei,“ svaraði Sigurjón. „Það er fimmtudagur.“

„Samt keyptirðu nammi.“

Ég hlustaði eftir svari Sigurjóns en heyrði bara muldur. Þau voru komin of langt upp stigann. Þegar ég heyrði dyrnar uppi lokast dró ég djúpt andann og strauk svitaperlur af enninu. Mig langaði að setjast niður og jafna mig aðeins en um það var ekki að ræða. Hver mínúta skipti máli við þessar aðstæður, annars gæti barnið hlotið varanlegan skaða.

Hjartað hamaðist í brjóstinu á mér á meðan ég beið eftir að mannleysan opnaði. Ég var með símann í buxnavasanum, höndina sömuleiðis, viðbúna að ýta á takkann sem kæmi mér í samband við Neyðarlínuna.

Sigurjón opnaði dyrnar. Litla stelpan stóð við hliðina á honum, með munninn fullan af sælgæti.

„Sæll,“ sagði Sigurjón. Rottan sat á öxlinni á honum.

„Sæll,“ sagði ég. Ég virti stelpuna fyrir mér. Hún tók í höndina á Sigurjóni, þessa með gatinu, og lagði hana yfir annað augað á sér. Það glitti í lítið auga gegnum gatið. Hún kyngdi sælgætisbitanum.

„Ég sé þig,“ sagði hún og brosti út að eyrum. „Ég sé þig alveg þótt pabbi haldi fyrir augun á mér.“

Ég horfði í augað sem kíkti á mig í gegnum beina-bera hönd Sigurjóns. Það var grænt. Nákvæmlega sami litur og í augum Sigurjóns, nema í barninu var liturinn fallegur. Í Sigurjóni var hann stingandi.

„Er þetta dóttir þín?“ spurði ég þótt svarið væri augljóst.

Sigurjón kinkaði kalli. Stelpan rétti báðar hendurnar upp til hans og hann tók hana í fangið. Rottan þefaði af eyranu á henni. Stelpan skríkti.

„Þetta er Birta,“ sagði Sigurjón.

„Ég var í flugvélinni,“ sagði Birta. „Ég á heima í Danmörku. Með mömmu minni.“ Rottan skreið af öxl Sigurjóns yfir á öxl Birtu. Birta flissaði og klappaði henni á kollinn.

„Marilyn fékk ekki að koma með í flugvélina,“ sagði hún. „Hún var í pössun hjá ömmu Dísu.“

Ég kinkaði kalli. Dró höndina úr buxnavasanum, leit á Sigurjón og kreisti fram bros.

„Ég ætlaði bara að athuga hvort að þú gætir nokkuð lánað mér mjólk. Bara smádreitil út í kaffið. Ég var að hella upp á og get bara ekki drukkið það svart.“

„Ekkert mál,“ sagði Sigurjón, lagði dóttur sína niður og hvarf inn í eldhús. Íbúðin var nú öll mun bjartari. Sigurjón hafði greinilega tekið til og dregið gluggatjöldin frá. Birta horfði á mig og brosti.

„Viltu klappa Marilyn?“ spurði hún.

Ég hristi höfuðið.

„Hún er góð.“

„Nei, takk,“ sagði ég.

Sigurjón kom aftur fram og rétti mér hálfan mjólkurpott. „Gjörðu svo vel,“ sagði hann og brosti út í annað. Eða glotti, öllu heldur.

„Takk,“ sagði ég. „Veriði blessuð.“

Ég sneri við og á leiðinni niður stigann heyrði ég kallað: „Bless manni!“

Mér fannst Sigurjón taka sér heldur langan tíma í að sækja mjólk í ísskápinn. Kannski hafði hann brytjað einhver lyf niður í fernuna. Auðvitað var það ólíklegt en ég legg ekki í vana minn að treysta afbrotamönnum. Og mér finnst glæpsamlegt þegar afbrotamönnum er treyst fyrir börnum. Ég hellti mjólkinni í eldhúsvaskinn.



---

# HÉR HVÍLIR MEÐALJÓN

*eftir*

Einar Lövdahl

**D**jöfulsins skítakuldi, sagði Friðrik hlæjandi og vafði léttum jakkanum þéttar að sér.  
– Nákvæmlega. Er frostaveturinn mikli genginn í garð eða? Atli hélt fyrir eyrun. Það voru líklega temmileg mistök hjá okkur að draga fram sumarjakkana?

Þetta var í miðjum marsmánuði. Vorið var aðeins farið að láta á sér kræla en veturinn neitaði að játa sig sigraðan. Fullt tungl vakti yfir miðbænum, þar sem léttklædd ungmenni skutust þvers og kruss yfir Laugavegin til að sækja sér yl inni í svitamettuðum kompum með dynjandi tónlist.

– Gaur, Jana sem vinnur með mér var að senda mér SMS og segja okkur að kíkja á Babar. Hún sagði að það væri engin röð þar.

– Æ, ég veit ekki. Ég er korter í beil, sagði Friðrik. Er að þæla í fara bara á Bæjarins og drulla mér síðan heim.

– Ekkert rugl, Frikki, þú kemur með.

– Nei, ég sver það, ég er að fá lungnabólgu eða einhvern viðbjóð.

– Ertu full út af henni þarna? Önnu?

– Það hvetur mig svo sem ekki til dáða að hún hafi ekki enn svarað mér. Ég er búinn að senda henni tvö SMS, það væri einum of að senda það þriðja.

Atli dró símann sinn fram úr innanverðum brjóstvasanum. – Já, halló? Já, heyrðu, hann er einmitt hérna hjá mér, sagði hann brosandí í símtækið. Heyrðu, Frikki, vælubíllinn er á línunni.

– Ha ha, mjög frumlegt. Friðrik sló af krafti í öxlina á Atla en skrikaði fótur við átökin og féll beint á bakið. Húsin á Laugavegi hringsnerust fyrir augum hans. Atli orgaði af hlátri.

– Jæja, herra Fullur, kannski er bara kominn tími á þig eftir allt saman? Hann reyndi að hjálpa vini sínum á fætur en Friðrik streittist á móti.

– Láttu mig vera, ég ætla heim.

– Jæja, þitt líf, maður. Ég hringi í þig á morgun, þegar ég verð búinn að bæta enn einni á listann minn, ef þú veist hvað ég meina ...

Friðrik lét sem honum þætti athugasemd Atla fyndin og hló dátt. Gott ef hann skaut ekki líka út úr sér einu góðu „sjáumst, sjomli!“ sem Atli og fleiri úr hans kreösu voru vanir að segja.

Hann brölti á fætur meðan Atli hvarf úr augsýn. Djöfull er kalt, hugsaði hann og tók stefnuna niður Laugavegin. Hann beygði til vinstri, inn á Lækjargötu, og gekk í átt að Tjörninni. Bæjarins bestu gátu beðið betri tíma; hann átti enn þítsuleifar í ísskápnunum.

\* \* \*

Reykjavíkurtjörn var fögur á að líta í silfrúðu tunglskininu. Fullt tunglið lýsti upp frostbrynjuna sem lá yfir vatninu og stjörnuhersingin minnti á silfraða jólaseríu. Friðrik svipaðist um eftir einhverjum til að góna upp í himininn með, þótt ekki væri nema reikandi róni, en það var enginn á ferli. Aðeins fáeinir leigubílar sem þutu eftir götunni.

Hann steig út á ísinn og rölti af stað í átt að styttni af Reykjavíkurskáldinu. Himinninn varð æ fallegrí eftir því sem hann fjarlægðist götuljósín við bakka tjarnarinnar. Það örlandi jafnvel fyrir daufum norðurljósum.

Eiginlega kallaði þetta á myndatöku. Þannig gæti hann í það minnsta uppskorið nokkrar hvetjandi þumlasendingar í netheimunum. Hann dró snjallsímunn upp úr vasanun, tók sér stöðu og reyndi að fanga norðurljósin. Í sömu andrá og hann valdi ákjósanlegan filter á myndina, sem sýndi þó ekkert annað en biksvartan himin, pompaði annar fóturinn beint í gegnum ísinn. Jökulkalt vatnið flæddi upp um buxnakálmína þar sem hann stóð með annan fótinn ofan í lítilli vök

en hinn uppi á ísnum. Kuldinn heltók líkama hans; vatnið frysti á honum klofið. Hann reyndi að spyrna sér aftur upp á svellið en hrundi fyrir vikið af fullum þunga í gegnum ísinn og á bólakaf.

Vatnið var kannski ekki sérlega djúpt en það var kalt. Ískalt. Svo kalt að áfengisvíman rann af Friðriki og allt varð einhvern veginn skýrara, sjokkið örvaði skynfærin og hugsunina. Þegar hann reisti sig við náði vatnsyfirborðið honum upp að brjósti. Hann bölvaði örlögum sínum og þreifaði eftir símanum en áttaði sig á því að líklega væri hann týndur og gæsum gefinn.

Skjálfandi af kulda gerði hann tilraun til að henda sér aftur upp á ísinn. En það var sama hvað hann reyndi, enn brotnaði ísinn, vökin stækkaði. Það glamraði í tönnum hans eins og í loftbor sem hjakkast á malbiki. Tilfinningin í fótleggjunum var gjörsamlega horfin. Hann skyggndist í allar áttir að bökkum Tjarnarinnar en hvergi sást til nokkurs manns.

– Heyrir einhver í mér? Ég er fastur í andskotans Tjörninni! öskraði hann og reyndi að lyfta öðrum fótleggnum upp úr sístækkandi vökinni. Rennvotur fatnaðurinn reyndist máttlausum fótleggjunum ofviða. Sótsvart og skítugt vatnið þröngvaði sér upp í munninn á honum þegar hann steyptist ofan í vökina enn eina ferðina. Bragðið var ólýsanlega biturt og hann sveið í augun. Hann reyndi að brjóta sér leið aftur upp á yfirborðið og hóstaði um leið út úr sér slýi og sandi. Með hverjum hóstanum þvarr þrek hans þar til hann dofnaði allur upp og sökk rólega til botns, þar

sem tjörukennd botnleðjan bauð hann velkominn í fang sitt.

Voru þetta endalokin? Hann virti fyrir sér tunglið, afmyndað í aurugu vatninu. Lá þarna hreyfingarlaus og hugsaði til Atla á Babar. Að klæðast sumarjakka höfðu ekki verið einu mistök kvöldsins.

Hann hafði lesið að á svona stundu ætti allt lífs-  
hlaupið að spilast fyrir hugskotssjónunum. Sýningar-  
vélín hlaut að standa á sér því það eina sem hann gat  
hugsað um var þessi nýafstaðni laugardagur.

\* \* \*

Hann hafði sofið út en samt vaknað þreyttur. Staul-  
ast fram úr og fengið sér Cheerios með mjólk, ekki af  
því að honum fannst það gott heldur bara því það var  
einfalt.

Fallegasta tíma dagsins varði hann svo í að horfa á  
fyrri helminginn af glórulausri bíómynd í sjónvarpinu,  
eða þangað til æskuvinir hans drógu hann með sér á  
íþróttakrá niðri í bæ til að horfa á „boltann“. Friðrik  
hafði misst allan áhuga á fylgjast með íþróttum  
hálfum áratug fyrr, en lét sig þó hafa það til að geta  
hitt æskuvinina endrum og eins. Lét sem hann væri  
enn gallharður „United-maður“. Fótboltatalið var í  
raun það eina sem brúaði gjána sem hafði myndast  
milli hans og æskuvinanna, en þó auðvitað bara með  
naumindum, þar sem Friðrik rétt svo þekkti nöfnin á  
helstu leikmönnum og þess háttar.

Hann kvaddi strákana um leið og lokaflaut leiksins kvað við. Á leiðinni heim hitti hann gamla vinkonu sína úr menntaskóla. Þau fleygðu milli sín öllum þekktustu frösum kurteisishjals og hvorugt þeirra vissi hve lengi samtalið ætti að endast – eða öllu heldur hvenær og hvernig ætti að slíta því. Þau ræddu um hvað þau hefðu gert og afrekað síðan þau útskrifuðust. Svörin voru augljóslega þaulæfð. Það angraði Friðrik að þau, sem höfðu verið svo nánir vinir örfáum árum fyrr, gætu ekki lengur talað saman öðruvísi en að þylja upp álíka óspennandi og þurran fróðleik, en hvorugt þeirra hafði orð á því. Þau hefðu alveg eins getað skipst á ferilskrám og gengið svo hvort sinn veg.

Þegar sú klemma náði hámarki sögðust þau bæði vera á hraðferð en sammæltust að endingu um að þau yrðu að fara að hittast. Biðlistinn eftir slíkum fundum hjá Friðriki var margfalt lengri en listinn yfir þá fundi sem honum hafði í raun tekist að boða til. Einhverra hluta vegna var himinn og haf milli þess að *segjast verða að fara að hittast* og að bara *hittast*.

Á leiðinni upp Tjarnargötuna gekk hann óeðlilega hægt af því að hann lenti fyrir aftan gömul hjón sem fetuðu sig áfram hvort með stuðningi hins. Hann kunni ekki við að æða fram úr þeim á ljóshraða sinnar kynslóðar. Honum fannst það hálfpartinn ígildi þess að senda þeim löngutöng og fleygja því framan í þau, líkt og glerhörðum snjóbolta, hvað þau ættu stutt eftir.

Þegar heim var komið týndist tíminn einhvers staðar í netheimum. Hann skeiðaði yfir völl

samfélagsmiðla, virti fyrir sér myndir af fólki sem hann þekkti aðeins lítillega, útbýtti einstaka hrósi og uppréttum þumlum. Renndi yfir hugðarefni þessa sama hóps, fékk mismerkilegar fréttir beint í æð og furðaði sig á stjórnvöldum. Ályktanir sínar um stjórnmal dró hann aðallega út frá fyrirsögnum og stuttum færslum netvina sinna, það þurfti eitthvað sérstakt til að hann kafaði dýpra í málin.

Það var einmitt á netinu sem Atli, kunningi Friðriks úr félagsfræðinni, hafði náð að króa hann af og draga hann með sér í partí. Hann gat ekki annað en sagt já, úr því að hann var ósjálfrátt búinn að gefa Atla þá meldingu að hann hefði lesið skilaboðin. Sá eiginleiki samfélagsmiðilsins var annars trúlega sköpun djöfulsins. Sannkallaður vonbiðlabani, það þekkti Friðrik. Atli var ekki einu sinni það skemmtilegur, að mati Friðriks. Hann var bara fyrsti gæinn sem hann hafði kynnst í félagsfræðinni og eftir það höfðu þeir meira eða minna hangið saman á skólatíma.

Friðrik lækkaði í loftinu þegar hann uppgötvaði hversu fáa hann þekkti í partíinu. Atla hafði láðst að segja honum að þetta væri afmæli og þeim væri *tæknilega séð* ekki boðið. Annaðhvort er manni boðið eða ekki, hugsaði Friðrik pirraður en hló bara vinalega að Atla og sagði hann steiktan að venju.

Hann hélt sig í námunda við Atla sem virtist þekkja talsvert fleiri í teitinu. Friðrik var tekinn að stunda sömu iðju og venjulega við álíka kringumstæður; að sýna ómerkilegum hlutum óverðskuldaða og

ýkta athygli. Hann lét sem hann hefði einhverjum skyldum að gegna í símanum sínum, gaumgæfði einnig gólfefnið, las sér til um innihald bjórsins sem hann þambaði og rannsakaði loks til hlítar einnota plastglösin sem stóðu gestunum til boða.

Atli hristi Friðrik fljótlega af sér svo að sá síðarnefndi endaði sem strandaglöpur inni í eldhúsi. Hann var djúpt sokkinn í einhverja matreiðslubók þegar ókunnug stelpa spurði hvort hann vissi um tappatogara. Svarið var nei, en hann vildi samt ekki svara henni þurrpumpulega.

– Vissirðu að svona glös eru framleidd í Þýskalandi? spurði hann, sem varð til þess að hann náði stelpunni á tal, en þó aðeins til mjög skamms tíma. Hún smaug fljótlega úr greipum hans líkt og húsfluga sem neitar að láta góma sig.

Allar samræður partísins þróuðust á sömu lund. Friðrik talaði ekki endilega um það sem hann hafði áhuga á, heldur bara það fyrsta sem honum datt í hug. Hann sagðist segja allt gott, af því að það var einfaldasta svarið, sagði að hann fyndi sig bara vel í félagsfræðinni, þó raunin væri allt önnur, og þar fram eftir götunum.

Þegar áhrif bjórsins fóru að segja til sín opnuðust kistlar í kollinum á honum, kistlar sem hann geymdi annars rammlæsta. Hann tók upp símann og sendi Önnu einlæg smáskilaboð. Með hverri mínúttunni sem leið frá sendingunni varð biðin eftir svari þungbærari. Hann kældi sig með hressilegu bjórþambi, og fyrir



vikið urðu rest teitisins sem og ferðin í miðbæinn að þokukenndum minningabrotum sem skorti samhengi.

\* \* \*

Og nú lá hann á botni Reykjavíkurtjarnar og horfði á síðasta andardrátt sinn fljóta frá sér í formi loftbólú. Hinsti dagurinn, sem var álíka flatur og allir hinir níu þúsund. Líklega er það bara mitt helsta afrek, að drukkna í Tjörninni, hugsaði hann. „Fyrsti Reykvíkingurinn til að drukkna í Reykjavíkurtjörn“, var það ekki ágætt afrek? Borgaryfirvöld og velunnarar hans yrðu þá allavega að reisa honum minnisvarða. *Hér hvílir meðaljón. Hann var finnst í ýmsu en kynntist því aldrei að skara fram úr í einu né neinu.*

Nei, sko, og þarna lá farsíminn hans svo við hlið hans á botninum og virkaði enn, ótrúlegt en satt. Rétt áður en allt varð svart, símaskjárninn, næturhiminninn, vatnið sem umvafði hann, sá Friðrik ný skilaboð glóa græn á skjánum. Anna hafði loksins svarað honum:

*sorrí var bara að sjá sms frikki! er á babar. atli vinur þinn er hérna líka. ætluðu ekki að koma?;)*



---

# LEGÓ

*eftir*

Magnús Sigurðsson

Ég hafði pantað ljóð eftir bandarísku skáldkonuna Elizabeth Bishop af vefverslun Amazon. Það kom í Legó-kassa með mynd af freigátu úr Flotanum ósigrandi, sem reyndar flaut ekki mikið lengur en skipið ósökkanlega sem lagði upp frá Southampton árið 1912. Ég hristi kassann og heyrði hvernig hringlaði í orðunum. En þegar ég dró út leiðbeiningarnar, kom í ljós að þær voru á kínversku, tungumáli Lí Pó og Tó Fú sem aldrei komu í Lególand. Ég sturtaði orðunum á eldhúsborðið og reyndi að átta mig á þeim. Sem betur fer voru þau á tungumáli sem ég skildi.

„Þessi endingargóðu og sterku sem aldrei láta undan hljóta að vera seglin,“ hugsaði ég með sjálfum mér og

tók nokkra kubba til hliðar, *móðir*, *sársauki* og fleiri slíka. „Og þessi þungu og hörðu eru fallbyssurnar,“ tautaði ég og bjó til annan stafla. „Og hérna er stýrið!“ hrópaði ég sigri hrósandi þegar ég sá glitta í hornið á Alfa og Ómega allra orða í hrúgunni, kubbinum sem býr alla hina kubbana til.

Nú var þetta líka farið að ganga ágætlega og fleyið óðum að taka á sig mynd. Ég var farinn að raula spænka orustusönginn „No me mates con tomates“ fyrir munni mér, þegar ég áttaði mig skyndilega á einu: Ætli það sé tilviljun að *lego* skuli þýða „ég les“ á latínu?

Og áður en ég vissi af sat ég undir árum á rómverskri galeiðu, við drynjandi trumbuslátt þrælapiðkarans, þar sem ég sit enn og stytta mér stundir á sama hátt og áður, með því að kubba saman orðum í huganum. Sem minnir mig á það:

*Lego er upprunalega myndað úr dönsku orðunum lege og godt.*

---

# KORRÍRÓ, BEIBÍ

*eftir*

Þórdísi Helgadóttur

## 1.

Það útskýrði svo margt þegar Snæfríður áttaði sig á því að það væru tröll í íbúðinni. Óþægindin sem hún hafði upplifað mánuðina á undan voru óljós en raunveruleg. Öndunarfærasýkingar. Síþreyta. Ofsakvíðaköst.

Hún fór beint á netið og hafði upp á meindýraeyði.

Meindýraeyðirinn var myndarlegri en hún hafði reiknað með. Hann var að vísu með silfureyrnalokk, það var mínus. En hún gat talið magavöðvana í gegnum snjóhvítan stuttermabolinn, röddin var djúp og með þennan óræða austur-evrópska hreim. Hann skoðaði húsnæðið hátt og lágt og benti henni á raka-skemmdir sem voru að byrja að myndast vegna óþéttra glugga í svefnherberginu. Hann sá engin merki um silfurskottur. Og alls ekki rottur. Eiginlega væri hún

frekar heppin, sagði hann, húsnaðið væri í betra standi en flestar íbúðir sem hann skoðaði.

„Hvað með tröll?“ vildi Snæfríður vita.

Það kom á hann svipur. Hann hallaði undir flatt hægra megin og svo vinstra megin.

„Með tröll,“ sagði hann. „Það er ekki gott að segja. Þetta er eitthvað sem var mikið vandamál hérna áður fyrr, sérstaklega í sveitum. En nú til dags erum við ekki mikið að sjá tröll, nei.“

„Myndirðu geta sagt mér ef það væru tröll hérna?“

„Nei, það er nú málið með tröll,“ sagði hann. Og endurtók síðan næstum orðrétt það sem Snæfríður hafði lesið á netinu nóttina áður: „Það er eiginlega útilokað að skera úr um það með vissu hvort það eru tröll í húsnaði. Því miður. En ég myndi bara fylgjast vel með og ef þér finnst ástandið vera að versna þá skaltu ekki hika við að hringja aftur.“

## 2.

Hvíslíð byrjaði fljótlega eftir þetta. Fyrst heyrði hún ekki orðaskil og hélt að útvarpið væri óvart í gangi á lægstu stillingu eða að fiskifluga hefði einhvern veginn ratað inn. En svo fóru raddirnar að verða greinilegri, fleiri en ein og fleiri en tvær. Hvíslíð kom úr gluggunum.

*Korríró. Svo sítt og fallett hár. Og gólfín hérna svo forug. Hvar er nýi þvegillinn?*

Snæfríður fór racleitt í Ikea og keypti sér þykkari

gardínur. Hún þoldi ekki að sjá útundan sér þessar litlu hreyfingar í gluggakistunni og andlitum bregða fyrir á glugga. Það kom henni ánægjulega á óvart að gluggatjöldin reyndust sæmilega hljóðeinangrandi og dempuðu hvísið.

En það var eins tröllin sæktu bara í sig veðrið. Þau hvísluðu oft hvert ofan í annað og þögnuðu ekki klukkustundum saman. Bungurnar á gardínunum sköguðu sífellt lengra fram og hnikuðu sófanum frá veggnum. Hún var hætt að draga frá gluggunum.

*Svo hvít og falleg beinin hennar. Verða svo góð í súpu. Í vetur og vetur. Dillidó.*

Suma daga voru raddirnar svo greinilegar að hún fann heitan andardrátt á vanganum og fannst eins og örsmáir munnvatnsdropar vættu eyrað.

### 3.

Hún fór aftur á netið. Það voru alltaf til húsráð. En þau skiluðu engum árangri. Matarsódi og edik létu húsið lykta þannig að henni leið eins og gúrku í þækli. Sundurskornu laukarnir sem hún skildi eftir í gluggakistunni urðu svartir yfir nóttina og morguninn eftir hljómuðu tröllin eins og þau hefðu losnað við þrálátan kverkaskít.

Eitt laugardagssíðdegið laumaðist Snæfríður inn í Landakotskirkju eftir messu, með bláan stálbrúsa í hönd, og stal dálitlu vígðu vatni úr skírnarfontinum. Það hissaði í gluggatjöldunum þegar hún skvetti vatn-

inu á þau. Hún þuldi faðirvorið til enda og áttaði sig þá á því að hljóðið var niðurbælt fliss.

„Gilitrutt!“ æpti hún í átt að glugganum. „Heitið þið það?“

Þústirnar á bak við gluggatjöldin sköguðu nú svo langt fram að hún varð að færa húsgögnin innar í stofuna til að eiga ekki á hættu að strjúkast utan í þær.

Hún svaf alklædd á miðju rúminu með grillgaffal undir koddanum.

*Svo svangir, ormarnir. Vilja naga og naga netta, hvíta hæla. Það styttist.*

#### 4.

Hún ók upp í Kattholt og kom heim með gæfan gamlan persu. Fyrstu tvo sólarhringana faldi kötturinn sig undir rúmi. Síðan einn daginn var hann horfinn.

#### 5.

Hún átti vini. Við vitum það, auðvitað átti hún vini. En maður gat ekki beint verið að bjóða fólki heim við svona aðstæður. Það var ekki það að hún skammaðist sín. Það var ekki það að hún óttaðist að losa of mikið um málbeinið.

En það eru alltaf til spjallborð. Hvort sem vanda málið er smátt og hversdagslegt eða svo stórt og óhugnanlegt að maður þorir varla að skrifa það niður, þá eru þjáningarsystkini á netinu.



„Hjálp, ég er með tröll og enginn tekur mark á mér!“ skrifaði notandinn *octopussy*.

Ráðin voru orðin kunnugleg:

Þrifa allt með sítrónusafa og ediki.

Spreyja vígðu vatni á verstu svæðin kvölds og morgna.

Láta setja þrefalt hljóðeinangrandi gler í alla glugga.

Tónheilun.

Tröllastóll.

„Tröllastóll er það EINA sem virkar,“ skrifaði notandinn *TroLLsLayer81*. „Það hefur verið vísindalega sannað að tröllastóll virki.“

„Tröllastóll virkaði ekki fyrir mig :(:(:(:(“ skrifaði *gofunkyoursself*.

„Þú verður að gera tröllastólinn RÉTT,“ sagði *TroLLsLayer81*. „Fólk er alltaf að kvarta yfir því að galdur virki ekki FYRIR ÞIG og svo hefur manneskjan ekki einu sinni fylgt leiðbeiningunum.“

„Hvernig veist þú hvort hún fylgdi leiðbeiningunum?“ sagði *pamela*. „Það er alveg óþarfi að vera með skítkast. Að mínu mati alveg dæmigert, konur eru svo sannarlega konum verstar. <3 ;)“

## 6.

Uppskriftin, eftir því sem Snæfríður komst næst, var svona:

## TRÖLLASTÓLL

*Stóll með háu baki og örmum (verður að  
vera úr náttúrulegu efni)*

*7 metra langt reipi úr mannhári*

*18 kíló af salti*

*Fjórar fötur*

*Sög*

### 7.

Afgreiðslumaðurinn í Byko horfði lengi á Snæfríði. Síðan kallaði hann í vaktstjóra.

Vaktstjórinn reyndist vera lausnamiðaður og með einkar ríka þjónustulund. Hann gúglaði, hann hringdi nokkur símtöl og gat á endanum vísað Snæfríði á bónda undir Eyjafjöllum sem handfléttaði reipi úr hrosshári. Hann fullvissaði hana um að það væri mjög svipað mannhári.

Hún hafði aldrei verið handlagin en komst nokkuð skammlaust frá verkinu samt. Stólfæturnir voru kannski ekki allir nákvæmlega jafnir hjá henni en það jafnaðist út þegar hún skorðaði þá í saltinu. Hún hlustaði í nokkur andartök á myrkrið áður en hún setti í sig eyrnatappana og lagðist á koddann. Hún var ekki frá því að það væri aðeins rólegra í kvöld.

Hún vaknaði fyrir dagrenningu, eftirvæntingarfull eins og leikskólabarn á páskaðag. Það lá hátíðleiki í loftinu þegar hún tiplaði fram í stofu. Stóllinn var tómur.

Hún snerist á hæli og fór inn á það. Beint í sturtu, tók vítamín, burstaði tennurnar, notaði tannþráð og munnskol, þurrkaði hárið, burstaði það, slétti og spreyaði. Vonbrigðunum kyngdi hún án þess að taka eftir því. Tilfinningin var orðin eins kunnugleg og gólfúkurinn og veggirnir.

8.

Hún var ekki viss um hvort hvíslið hefði ágerst eða ekki. Það var orðið erfitt að sjá á milli herbergja, eins og þokuslæða lægi yfir öllu. Sennilega var þetta samt bara í augunum á henni því ekkert breyttist þótt hún kveikti á háfnum í eldhúsinu eða léti útidyrnar standa opnar.

Stundum langaði hana að spila tónlist en gat það ekki. Hátalararnir voru þaktir grænni slikju með mosatægjum. Ef hún valdi sér bók úr hillunni var líklegra en ekki að hún kæmi út fúin og brún, síðurnar undnar og tærðar eins og eitthvað sem hafði verið fiskað upp úr drullupolli.

Þetta var ekkert líf.

Snæfríður ákvað að hífa sig upp á hárinu, fara út og sofa hjá sætum strák. Það var happy hour á hverfisbarnum. Hún bretti upp kragann og skaust á milli húsa meðan fjöllin horfðu í hina áttina.

*Veistu hvað mig langar að gera við þig?* hvíslaði herðabreiður hjartaknúsari í klósettröðinni.

„Segðu.“

*Skera úr þér lifrina, svo feita og sæta. Brytja og brytja  
og steikja og éta. Korríró, beibí.*

9.

Fyrsta verk Snæfríðar næsta morgun var að hringja í meindýraeyðinn. Hún fékk sjálfvirkt svar: Númerið ótengt. Hún reyndi að slá honum upp á netinu en mundi ekki hvernig nafnið var stafsett. Tveir fyrstu meindýraeyðarnir úr símaskránni héldu að hún væri að gera at í sér þegar hún fór að tala um tröll.

Þá hringdi hún á lögregluna.

„Þau eru hérna,“ útskýrði hún fyrir undarlega mjúk-málli lögreglukonu. „Þau bara svona húka í gluggun-um. Og hvísla ...“

„Æ veistu, elskan,“ sagði lögreglukonan. „Við get-um alveg sent mannskap til að taka út vettvanginn í sambandi við innbrot. Ég ætla bara ekki að gefa þér neinar falsvonir. Það er ekkert sem við getum gert ef þú getur ekki gefið lýsingu á gerendunum. En þú skalt bara bíða róleg og ef þetta endurtekur sig þá skaltu ekki hika við að hringja aftur.“

10.

Snæfríður stendur með skærin fyrir framan spegilinn. Hún byrjar á að klippa einn lokk en það verður ekkert úr honum. Hún missir þolinmæðina. Klippir allt hárið í einu.

Að flétta reipi úr mannshári er ekki létt verk. Eftir hálf tíma gefst hún upp og fer og finnur leiðbeiningar á YouTube. Þá gengur aðeins betur. Eftir einn og hálfan tíma er hún komin með langt reipi sem liðast ekki í sundur þegar togað er í endana. Hún mælir það. 6,98 metrar.

Hún fer inn á bað, buguð. Sest á klósettið, pissar. Í miðri bunu fær hún hugmynd.

Það tekur heila eilífuð að plokka augnhárin úr hársökkjunum og þau neita að bindast óstýrilátum skaphárunum. En það stendur hvergi að það sé bannað að redda sér með vaxi af notuðum strimlum úr ruslinu. Annar endinn á reipinu er mjór og klesstur en reipið heldur og það er það sem skiptir máli. Hún mælir aftur. Sjö metrar sléttir!

Hún kastar mæðinni, liðkar hálsinn. Leggur reipið frá sér á tröllastólinn. Rétt eitt augnablik. Snýr sér við og ætlar fram í eldhús að gúgla hnúta. Það er þá sem kraftaverkið gerist. Það er þá sem eitthvað, í fyrsta skipti í ákaflega langan tíma, gengur upp.

BAMM.

Það er tröll í stólnum. Hún heyrir dynkinn. Öll hár sem eftir eru á líkama hennar rísa.

Hún gerir það fyrsta sem eðlisávisunin fer fram á: Gengur beint að dyrunum án þess að snúa sér við, hraðar sér niður tröppurnar og út úr húsinu. Stendur sokkaklædd á dyraþrepinu og baðar sig í dreggjum kvöldsólarinnar. Nokkur andartök líða, sólin sest. Tærnar verða loppnar og steypan sendir kuldastingi

upp í iljarnar. Og svo, takið eftir, bara sisvona, ákveður Snæfríður að fara aftur inn í hlýjuna og horfast í augu við það sem hún óttast mest.

Hljóðheimur hússins er allur annar. Allt heldur niður í sér andanum. Nema veran í tröllastólnum. Snæfríður nálgast stólinn. Bakið snýr að henni, það er hátt, en upp fyrir það stendur höfuð á stærð við svartan hrút. Út fyrir armbríkurnar skaga tjóðraðir upp-handleggir, strigaklæddir og tröllvaxnir. Veran er svo stór að Snæfríði finnst ekkert pláss vera eftir í stofunni fyrir sig. Trölilið ylfrar lágt.

Kvíði er eins og að burðast með blýskikkju alla daga. Snæfríður skilur það núna. Af því að núna rennur hann bara niður af öxlunum á henni eins og ekkert sé. Hún stendur beint fyrir framan trölilið og allt í einu verður hún vör við þyngdarafl tunglsins sem togar hana upp: hvirfilinn, augnkrókana, munnvikin. Ný form eru teiknuð á andlitið, slétt enni, hálfmánaaugu. Húsið er fullkomlega hljótt. Við stöndum á öndinni.

Trölilið í stólnum líka. Það horfir beint til baka, gljáandi svörtum augum á stærð við undirskálar. Hún brosir breiðar. Þetta eru bænaraugu, en um hvað eru þau að biðja?

Snæfríður er fyrri til að rjúfa augnsambandið. Síðan grípur hún grillgaffalinn og rekur hann af öllu afli í magann á tröllinu.

*Svo heitt í henni blóðið. Við bíðum og bíðum og höldum moldinni kaldri ...*

---

# HLJÓÐRÁS TÍMANS

*eftir*

Hrafnhildi Þórhallsdóttur

**E**inu sinni var ég næstum dáin. En fyrir mikla blessun, sem aðeins verður skýrð með því að í Úrverkinu eru allir hlutir nákvæmlega þar sem þeir eiga að vera á nákvæmlega þeim tíma sem þeir eiga að vera þar, var mér bjargað á elleftu stundu. Að svo stöddu ætla ég ekki að segja þér neitt of upplýsandi um persónu mína annað en að ég trúi á kraftaverkið og ég trúi því að hið undursamlega sé í mikilli nálægð, en fyrst og fremst og öllu framur trúi ég því að tónlist bjargi mannlífum. Reyndar trúi ég því að tónlist sé það eina sem geti bjargað lífi fólks. Ég er ekki að halda því fram að hjartahnoð og læst hliðarlega séu hindurvitni og kerlingabækur en þegar maður er lifandi dauður, aðeins á lífi í hinum tæknilegasta skilningi

Þess orðs, getur ekkert komið manneskjunni til bjargar annað en tónlist. Við getum lesið allar þær bækur sem skrifaðar hafa verið, legið langtímum yfir þeirri ótrúlegu eftirlíkingu af lífinu sem kvikmyndin er og mænt úr okkur augun á undraverð meistaraverk lista-sögunnar, en ekkert, ekkert af þessu getur, líkt og tónlistin, smogið inní mannssálina og ekki bara hreyft hana til lífsins heldur teiknað af henni hárnákvæma fjórviddarmynd. Í seinni tíð hallast ég að því að hljóð sé það skynhrifanna sem komist hvað næst snertingunni. Á endanum mun tónlist hugsanlega gera alla elskhuga óþarfa.

Þetta með fjórðu víddina er mikilvægt. Minni mitt er rými með mörgum vistarverum sem allar hafa sína eigin hljóðrás. Tónlist er tímavél og ég man í tónlist. Það þarf ekki nema örfáa tóna til að flytja mig, heila manneskju, aftur um marga áratugi og endurstilla tilfinningalíf mitt og andrúmsloft hugans í takt við tímann sem ég tengi þessa tóna við. Þetta er sannarlega kraftaverk. Mér er fyrirmunað að skilja hvers vegna Einstein gerði ekki meira úr þessu.

Þetta er reyndar ekki alltaf kostur. Ég hef eyðilagt heilu plöturnar með því að ofspila þær í einhverri af mínum epísku ástarsorgum og nú má ég helst ekki heyra á þær minnst án þess að þurfa að leita skjótt og örugglega að mótefnamúsík; einhverju tengdu brjálaðri hamingju.

En þetta er auðvitað full almenns eðlis. Fínstillingar eru einn helsti veikleiki minn. Annaðhvort stilli ég



ljósop sjónaukans svo vítt að allt missir marks eða ég gleymi mér svo í smásjanni að ég hljóma eins og einn af þessum ömurlegu einstaklingum sem eru með höfuðið vandlega skorðað uppi í eigin rassi. Úr þessu ætla ég að reyna að bæta. Ég ætla að reyna að vera nákvæm án þess þó að fórna hinu lýríska andrúmi sem hér skiptir öllu máli. Svo ég ætla að bjóða þér eitt augnablik uppí tímavélina mína og fara með þig aftur til ársins 1988. Nánar tiltekið í byrjun júnímánaðar það ár. Í blálokin hoppum við svo að vísu fram til ársins 2013 til að fá heildarmyndina. Loka hringnum. Þetta er hugsanlega elsta sagnaminni í heimi. Leiðin að heiman er vegurinn heim.

En þetta byrjar allt í júní árið 1988. Ég er rétt að verða þrettán ára. Lífið hefur tekið mig til bæna. Í baksýnispeglinum er heimsendir og aska, missir á stóra skalanum og algjör eyðilegging. Sál mín hefur borið sorgarklæði í fimm ár og tunga mín hefur tapað kraftinum til hreyfingar (*inn með fiðlurnar*), á hælum mér er svartur hundur, lund mín er viðkvæm og hneigist til hinna viðsjárverðu seiðkvenna melankólíu og rómantíkur. Svartir hundar og *femmes fatales*. Betra fólk en ég hefur lent á glapstigum í öðrum eins félagskap. Þetta var svo gott sem búið.

*The splinters that you carry  
The cross you left behind  
Come healing of the body  
Come healing of the mind*

Bjargvættur minn birtist, eins og bjargvættir gera, fyrirvaralaust og líkt og hendi væri veifað, eða ætti ég að segja eins og flugvél væri flogið, flogið úr austri gæti ég þá sagt. Ekki vegna þess að hann kæmi þaðan sem átti að vera tjald úr jární (og ég hafði gert ítrekaða leit að á landakortum en ekki fundið, stundum er ónákvæmni fólks með ólíkindum) og ekki heldur vegna þess að hann hefði fæðst undir Kínamúrnum, en sá á víst að sjást frá tunglinu þó að ég dragi það stórlega í efa. Nei, ég hef ekki hugmynd um hvaðan hann kom, merkingin er hér eingöngu táknfræðileg; hann kom úr austri líkt og sá sem gekk á vatni, líkt og gyðjan Áróra með sinn þunga vagn, líkt og sólin sjálf. Ekki að undra að maðurinn gengi alltaf með svört sól-gleraugu; sjálf sólin brann í augunum á honum og fólk hefði fyrirvaralaust misst sjónina ef það hefði mætt honum á förnum vegi.

Og mitt lífvana hjarta stóð í björtu báli.

*And then she clearly understood*

*If he was fire, oh then she must be wood*

En gerum þetta skipulega. Ég er rétt að verða þrettán ára. Ég sit á gólfinu fyrir framan sjónvarpið á heimili okkar móður minnar í Kópavoginum. Ólíkt því sem ég geri í dag horfði ég, eins og ógrynni þunglyndra unglinga bæði fyrr og síðar, töluvert á sjónvarp á þessum árum og Guði sé lof fyrir það því þetta kvöld var á dagskrá hins ævinlega blessaða Ríkissjónvarps

Þáttur um sérlegan gest Listahátíðar í Reykjavík þetta árið; klæðskeraþóninn frá Montréal, munkinn í jakkafötunum, ljóðasöngvarann lítilláta, mann sem ég þekkti ekki en móðir mín virtist hafa nokkuð dálæti á enda smekkmanneskja á karlmenn; næst á eftir föður mínum heitnum var þetta fegursti maður sem ég hafði nokkurn tímann augum litið. Leonard Cohen (hér eftir L.C) var lentur á Keflavíkurlflugvelli og mættur heim í stofu til mín og þar sem hann birtist þarna á sjónvarpsskjánum, staddur á sviði í Laugardalnum (jafn afkáralega og það nú hljómar) og klæddur í sinn hversdagsfatnað; svört Armani jakkaföt og gljáfægða leðurskó með hatt, var hann svo fallegur að fegurðarskyn mitt breyttist til frambúðar. Fram að þessu hafði ég ekki áttað mig á að karlmenn gætu verið svona fallegir í jakkafötum. Þetta var áður en ég fór að horfa á myndir með Gregory Peck.

*There ain't no cure*

*There ain't no cure*

*There ain't no cure for love*

Nú get ég nánast heyrt í gegnum þetta blað og þetta blek hvernig sumt fólk hneykslast á innsöginu þar til það verður blátt í framan yfir því að þrettán ára unglingur verði ástfanginn af fimmtíuogfjögurra ára gömlum karlmanni og finni í kjölfarið fyrir endurnýjaðri löngun til að lifa. Það er allt í lagi. Það er líka allt í lagi þó að fólk setji fram klisjukenndar

freudískar skýringar um „leit að föðurímynd“ og allt mögulegt þess háttar misgáfulegt sem er vitaskuld ekki í neinu nágrenni við sannleikann. Hið rétta er að tónlist og ljóðlist eru hafin yfir tíma og rúm og hugsanlega, hugsanlega er hrein ást hvergi til nema í ástarlofsöngvum þeim sem verða til á skurðpunkti tóna og ljóða því hugsanlega, hugsanlega – og hér gæti ég vitnað í Elvis og Nick Cave og Lorca og fleiri mæta menn en ég nenni því ekki – snerta slíkir söngvar okkar innsta kjarna því í einhverjum skilningi spegla þeir þrá manneskjunnar eftir Guði; þrá okkar eftir hinni djúpu, djúpu, djúpu tengingu. En nú er ég að missa mig í víðmyndinni.

Sjálfri þótti mér ekkert athugavert við líðan mína þetta kvöld þegar ég sat þarna gapandi á gólfinu fyrir framan sjónvarpið og hlustaði bergnumin á L.C., sem ég var svo gott sem viss um að væri maðurinn í lífi mínu, raula fyrstu ljóðlínurnar í *Suzanne*. (Fljótlega átti mig þó eftir að gruna að kannski væri þetta í það minnsta örlítið sérstakt; ég var alltaf eina barnið í sjöunda bekk í Hjallaskóla sem átti pennaveski útkrotað í orðunum „i luv Leonard Cohen“). Það sem ég aftur á móti hafði ýmislegt við að athuga voru gestir tónleikanna í Laugardalshöll; upp til hópa skelfilega virðulegt fólk, broddborgarar af verstu sort sem sat stillt og bærði varla á sér á meðan hinn undursamlegi söng um hina djúpu þrá og heilög loforð. Enginn grét og beygði sín kné. Enginn ruddi sér leið uppá sviðið og þvoði fætur hans með hári sínu. Þetta var yfirgengilegur skandall.

Ég fyrirvarð mig fyrir þjóð mína.

En þó ég byggi í landi þar sem plebbaskapur fólks reið ekki við einteyming var þar í það minnsta að finna plötubúðir. Það sem meira var, í þeim var hægt að kaupa bæði hina nýútkomnu *I 'm Your Man* (no shit!) sem og *The Greatest Hits of Leonard Cohen* og til allrar hamingju hafði móðir mín á því skilning að hús er ekki heimili ef ekki eru þar til eintök af þessu tvennu. Þannig hófst menntun mín í ljóðlist og málefnum hjartans. Loksins var ég að læra eitthvað sem gagn var að. Mig myndi ekkert bresta.

*There's a blaze of light  
In every word  
It doesn't matter which you heard  
The holy or the broken Hallelujah*

Og þannig liðu mörg ár.  
En.  
Svo.  
Það er þetta með krosstrén.

*There is a crack, a crack in everything  
That 's how the light gets in*

Hafi maður einu sinni næstum dáðið getur maður svo gott sem gengið að því vísu að þurfa að endurtaka þá reynslu síðar á ævinni (sjáðu bara Evridís). Manneskjan er aldrei hólpín. Ekki heldur ég. Og af þeim sökum,

en líka fyrir röð svo ótrúlegra tilviljana að þær geta í raun ekki talist tilviljanir heldur skýr og afdráttarlaus guðleg íhlutun, sit ég, tuttuguogfimm árum eftir hina ævintýralegu björgun, undir stjörnubjörtum himni á átjándra bekk á tennisvelli gamla ólympíuleikvangsins í Rómarborg. Ég er rétt að verða þrjátíuogátta ára. Lífið hefur tekið mig til bæna. Í baksýnispeglinum er heimsendir og aska, missir á stóra skalanum og algjör eyðilegging. Öðru hverju þreifa ég, líkt og ósjálfrátt, á baugfingri vinstri handar eftir einhverju sem einu sinni var þar en er þar ekki lengur og á vörum mér eru spurningar sem mér tekst ekki að svara: Hvers vegna að trúá á ástina þegar mannfólkið framleiðir gereyðingarvopn? Hvers vegna að opna hjarta sitt þegar heimurinn er fullur af þungavinnuvélum og vörubílum? Hvers vegna að draga andann þegar dauðinn hrifsar allt til sín að lokum; hjörtu, loforð og líf?

Þar sem ég sit þarna í röku kvöldloftinu, með byssubelti strengt yfir brjóstið og banda frá mér moskítóflugunum með stirðnuðum höndum, fylgist ég með fólkinu í kringum mig. Athygli mín staldrar fljótlega við þar sem situr fyrir framan mig; hjón á áttæðisaldri klædd í sitt fínasta púss; hann í pressaða hvíta skyrtu og dimmbláan jakka, hárið óaðfinnanlega vatnsgreitt; hún í fínlegan svartan þrjónakjól með hárið fallega uppsett. Þau sitja þétt saman, hvort með sitt rauðvínsglasið og virðast jafn uppveðruð og ég – og reyndar hver einasta sála á svæðinu ef út í það er farið

– yfir því sem stendur fyrir dyrum. Fólk er farið að ókyrrast og reglulega brýst út taktfast lófaklapp, blístur og hvatningaróp. Ólíkt gestum Laugardalshallar í júní 1988 virðast Ítalir kunna að haga sér á viðburðum eins og þessum, sem hljóta að teljast á kosmískum skala, því þegar ljósinn á sviðinu loks kvikna láta þeir sér ekki nægja að klappa kurteislega – eins og þeir hafi fyrir slysi rambað fram á götuspilara með greiður og pottlok og séu tilneyddir að sýna einhver viðbrögð – heldur fórn þeir höndum, hrópa upp yfir sig og grípa um hjartastað af hrifningu. Maðurinn í dimmbláa jakkanum tekur um grannar axlir konu sinnar sem hallar sér upp að honum eins og til að tryggja að þau fari í þetta ferðalag saman.

Á sviðinu sitja tíu töframenn í blárri birtu.

Fingur ferðast blíðlega upp og niður gítarhálsa og píanóstrengir titra.

Hljóðbylgjurnar berast út í heitt rökkrið og draumur og veruleiki renna saman.

Og allt í einu, eins og hönd sem teygir sig út úr myrkrinu og strýkur manni um vangann, birtist hann þarna á sviðinu; klæðskerasonurinn frá Montréal, munkurinn í jakkafötunum, ljóðasöngvarinn lítilláti. Hann tekur ofan hattinn og hneigir sig bljúgur fyrir mannföldanum um leið og hann raular fyrstu ljóðlínurnar í *Dance Me to the End of Love* með sinni djúpu, örlítið rámu rödd.

*Dance me to your beauty with a burning violin  
Dance me through the panic 'til I'm gathered safely in*

Maðurinn í dimmbláa jakkanum og litla konan hans líta hvort á annað og segja eitthvað með augunum. L.C. stígur tindilfættur nokkur dansspor eins og til að áréttu að lífið, líkt og tónlist, er hreyfing og kyrrstaðan óvinur manneskjunnar, hann leggur hönd á hjarta og snýr sér að hljómsveitinni, gangverkið í tímavélinni sem rúmar hverja einustu sál í áhorfendasalnum, lýtur höfði líkt og í þökk og tekur nokkur valsspor til viðbótar við angurværa tónana áður en hann krýpur á kné fyrir framan fiðluleikarann sem handleikur straumlínulagað hljóðfærið með þeim hætti að íslenska konan á átjándu bekk verður að vatni.

*Lift me like an olive branch and be my homeward dove  
Dance me to the end of love*

Og stundum þarf maður að verða að vatni. Verða að vatni og streyma. Streyma og sleppa takinu.

*You lose your grip, and then you slip  
Into the Masterpiece*



---

# HIN LANGA NÓTT

*eftir*

Einar Leif Nielsen

**E**itt sinn ákvað pabbi að fjölskyldan skyldi eyða jólnunum í óbyggðum Íslands. Satt að segja held ég að hann hafi bara viljað komast burt frá amstri borgarinnar. Af hverju hann vildi taka okkur með get ég ekki sagt. Árum saman hafði hann talað um að skrifa skáldsögu og mig grunar að þessi ferð hafi verið ætluð til þess.

Hann leigði bóndabæ í Fljótshlíðinni af manni sem ætlaði að vera á Kanaríeyjum yfir hátíðirnar. Ég vildi óska að ég gæti rifjað upp hvað bærinn hét en því er bara algerlega stolið úr mér. Við áttum að vera þarna í rúmar þrjár vikur eða út allt jólafríð mitt. Ég var nýorðinn þrettán ára og því ekki þar sátturnar við pabba, enda myndi ég missa af öllu; jólagjöfum félaganna,

hátíðardagskrá sjónvarpsins og jólamyndum kvikmyndahúsanna. Af hverju gátum við þá ekki farið til Kanarí, þar var að minnsta kosti sól. Samkvæmt mömmu var meira að segja rafmagnið óareiðanlegt þarna og líklega yrði því rafmagnslaust alla ferðina. Ég skildi ekki hvernig nokkur gat sætt sig við þetta hlutskipti en þau virtust öll vera voða sátt. Lára var líka ánægð en hún var náttúrulega bara fimm ára og skildi því engan veginn hvaða afleiðingar þetta hefði í för með sér.

Við lögðum af stað 18. desember sem var akkúrat síðasti skóladagurinn minn. Ég vonaðist eftir rauðum jólum, enda orðinn alltof gamall til að vera að leika mér í snjónum. Við vorum hins vegar varla komin að Bláfjöllum þegar allt var orðið hvítt. Pabbi hafði orðið sér úti um gamlan Land Rover og átti því ekki í erfiðleikum með að koma okkur á leiðarenda. Hann brosti út í bæði í hvert skipti sem bíllinn þurfti að aka í gegnum skaf.

Bóndabærinn var afskaplega huggulegt tveggja hæða hús með fjórum svefnherbergjum. Stofan og eldhúsið voru niðri en fjölskyldan svaf uppi. Við Lára fengum meira að segja hvort sitt herbergið en í borginni var það ekki þannig. Í hverju herbergi voru olíulampar sem pabbi kenndi mér að nota en Lára mátti alls ekki koma við þá. Engin hitaveita var á þessu svæði en kolaofn var í kjallaranum og auðvitað var ég settur í að moka kol fyrir allar aldir á hverjum morgni. Í dag veit ég að mamma vildi bara finna einhverja

afsökun til að reka mig fram úr rúminu þar sem ég átti til að sofa fram að hádegi.

Ég man vel eftir fyrsta kvöldinu. Hvernig marraði í veggjunum undan vindi. Allt var lýst upp með kertum og maturinn hafði verið eldaður á prímus sem var ekki svo óvenjulegt, því á hverjum vetri gerði brjálað veður í borginni og þá þurftum við iðulega að sætta okkur við rafmagnsleysið. Nei, hið eftirminnilega var það sem pabbi sagði þegar röddin í mér brast.

„Hvað, drengurinn bara kominn í mútur,“ sagði hann og glotti hæðnislega. „Þá fer að stytast í að þú komir heim með einhverja stelpu í eftirdragi.“

Þið hefðuð átt að heyra hrossahláturinn í honum. Ég fór hjá mér og hitnaði í framan en við það hló hann bara enn hærra. Lára tók undir þó að hún skildi ekkert um hvað málið snerist. Ég var aðeins farinn að taka eftir stelpum en þorði auðvitað ekki að segja neinum frá því.

„Þetta er allt í lagi,“ sagði mamma og strauk mér um vangann. „Þetta kemur víst fyrir alla.“ Mér sýndist hún vera svolítið sorgmædd á svip, enda var litli drengurinn hennar að verða að manni.

Á næstu dögum varð til ákveðin venja hjá fjölskyldunni. Mamma var fljót að temja sér að nota eldavélina sem var hituð með spæni en við pabbi skiptumst á að höggva eldivið í hana. Þetta var ábyggi-lega hundrað ára gamalt eldstæði, sem var umlukið járn, og hafði verið flutt þangað úr mun eldra húsi. Mér fannst samt notalegt að heyra snarkið í eldinum.

Í hvert sinn sem mamma byrjaði að elda lagði línu af gráum reyk út frá litla skorsteininum en sá stærri, sem var tengdur kolakyndingunni, spúði svörtum taumum. Prímusinn var þess vegna sjaldan notaður. Ég var farinn að setta mig við snjóinn enda gerði hann næturnar bjartari en ella. Án hans hefðum við varla séð okkar eigin fingur eftir að sólin settist og dagarnir voru ekki beinlínis langir á þessum árstíma.

Þriðju nóttina vaknaði ég skyndilega við bjölluhljóm sem ómaði í fjarska og vissi strax að þetta voru engar kirkjuklukkur. Hljóðið minnti á vindhörpur en tónninn var eitthvað svo ónáttúrulegur. Klukkan var næstum hálf tvö og úti endurvarpaði snjóbreiðan silfurlitaðri birtu tunglsins. Stjörnurnar glitruðu á næturhimninum. Það brakaði í gólfjölonum þegar ég læddist fram. Einhverra hluta vegna var opið inn til Láru. Enginn var í rúminu en ég taldi líklegast að hún hefði skriðið upp í til mömmu og pabba. Úti nálgadist óhuggulegi bjölluhljómurinn húsið en ég gat með engu móti greint úr hvaða átt hann kom. Ég ákvað því að fara niður en við rætur stigans stóð Lára við opnar útidyrnar og starði út í myrkrið. Ég gekk pirraður niður enda átti hún að vita að þetta var stranglega bannað.

„Hvað ertu að gera?“ sagði ég þegar ég kom að henni. „Þú átt að vera löngu sofnuð!“

Ég greip í hana en sá þá mömmu og pabba sem sátu dáleidd við kámínuna inni í stofu. Það var eins og þau væru frosin í tíma. Pabbi bar viskíglas að vörunum og

mamma virtist vera í miðri setningu. Rauð spegilmynd eldsins dansaði um augu þeirra.

„Er ekki allt í lagi?“ spurði ég og fíkraði mig nær en þau svöruðu ekki. Ég leit aftur á úrið en sá þá að sekúnduvísirinn hreyfðist ekki. Mér rann kalt vatn milli skinns og hörunds.

Skyndilega lokaðist útidyrhurðin. Ég leit við og sá að Lára var horfin. Barnið gat ekki verið úti í þessum kulda. Það var sama hvernig ég hrísti mömmu og pabba og öskraði – þau vöknudu ekki. Þau voru stjórf eins og gínur. Ég skvetti viskíglasinu framan í pabba en ekkert gerðist. Víndroparnir láku hægt niður andlitið en hann deplaði ekki einu sinni auga. Það var augljóst að þau gátu ekki hreyft sig. Ég varð því að elta Láru.

Ég opnaði út og sá hana stefna í átt að hópi fólks sem gekk í einfaldri röð meðfram hlíðinni. Þau voru öll í bláum kuflum sem virtust renna saman við myrkrið og hvert þeirra með lukt sem leit út fyrir að innihalda staka stjörnu af himnum ofan. Ég ætlaði að öskra á eftir systur minni en hætti við. Eitthvað var rangt við þessar verur sem svifu eftir jörðinni, eitthvað drungalegt. Húðin á þeim var mjög hvít og hárið eins og silfurþræðir. Ég flýtti mér í skó, setti á mig húfu og vettlinga og hljóp út á náttfötunum.

Ég átti auðveldlega að geta náð Láru enda mun stærri og skrefalengri en sú varð ekki raunin. Hún fjarlægðist mig á óskiljanlegum hraða. Þegar ég stoppaði til að ná andanum sá ég hvernig skuggi hennar

rann mjúklega áleiðis og hún nálgast fólkið óðfluga. Það var eins og hún svifi yfir snjónum án þess að snerta yfirborðið. Ég hugleiddi að kalla til hennar en vissi innst inni að ef ég gerði það sæi ég hana aldrei frammar.

Í hverju skrefi óð ég snjóinn upp að hnjám og fljótlega voru náttbuxurnar mínar orðnar rennandi blautar. Ég var heppinn að vera í góðum gönguskóm, sem höfðu verið keyptir í Skátabúðinni, og allur þessi æsingur hélt á mér hita.

Lára rann inn í röðina sem sveif áleiðis. Sama hvað ég reyndi þá gat ég ekki nálgast fólkið en með því að leggja mig allan fram tókst mér að halda í við það. Halarófan staðnæmdist við dimmt gljúfur sem var eins og svart skarð í hvítri hlíðinni. Heyra mátti dyn úr fossi sem var falinn bak við klettaveggina. Loksins átti ég að geta náð þeim. Bjöllurnar glumdu nú allar í takt en innan úr gljúfrinu heyrðist ógnvænlegasta hljóð sem ég hef heyrt, fyrr og síðar. Ég nam samstundis staðar. Hvað gat þetta verið? Varla eitthvert dýr? En það hljómaði eins og eitthvað lifandi. Út úr skuggum klettanna stigu tvær stærðarinnar verur sem voru huldar þykkum brúnum feldi, með bólginn nef, innstæð augu og tennur á við mannshandleggi. Klær voru á löngum fingrunum sem drógust eftir snjónum.

„Velkomin, Hildur álfadrottning,“ sagði önnur ófreskjan svo dimmri röddu að beinin í mér skulfu. „Má ekki bjóða þér inn?“

„Sæll, Hrungrnir,“ sagði sú sem stóð fremst í röðinni, blíðum rómi. Hún tók tvö skref í átt að ófreskjunni og hneigði sig. „Ég hef engan áhuga á að koma inn í helli þinn og veit vel að þú vilt mig ekki þar. Skulum við því láta af þessari fölsku kurteisi.“

„Rétt er það, huldukona. Aldrei er þörf á formlegheitum þegar þú ert annars vegar. Líkar mér það í fari þínu og get ég vel ímyndað mér að með okkur hefði tekist mikið vinfengi í öðru lífi.“

„Efast ég um það.“

„Bara ef skessa mín gæti verið jafn heiðarleg,“ sagði skrímslið og hló svo dátt að öll nóttin skalf. „Er þá ekki best að snúa sér að hinum árlegu vöruskiptum?“

„Hvað hefurðu að bjóða að þessu sinni?“ spurði Hildur.

„Ekkert jafn verðmætt og þú. Finn ég mannþef á meðal ykkar?“ sagði Hrungrnir og glotti illilega.

„Stúlkan er ekki til sölu,“ sagði álfadrottningin.

„Leitt er það,“ sagði trölllið. „Langt er síðan við höfum fengið mannabein.“

„Best þætti mér að sú venja myndi leggjast af. Varla viltu að mannfólkið fari að grennslast fyrir um fylgsni þitt.“

„Rétt er það, huldukona. En ég get þó látið mig dreyma.“

„Svo framarlega sem það er aðeins draumur,“ sagði Hildur.

Hrungrnir kinkaði kalli. „Að þessu sinni býð ég

þér svartagull sem dregið var úr baki bergrisa.“ Hin ófreskjan lagði stóran og óreglulegan trékassa við fætur álfadrottningarinnar.

„Gaman væri að heyra hvernig þið næturvættirnir verðið ykkur úti um þennan galdramálm.“

„Einhver leyndarmál þurfa tröllin að hafa,“ svaraði Hrungnir.

Hildur brosti blítt og kinkaði kalli.

„Hvað býður þú í skiptum fyrir gullið?“

„Ég veit hvað þú ert mikið fyrir morgundögg og býð ég því þrjár krúsir í skiptum.“ Álfadrottningin veifaði til hópsins. Fram stigu þrjár álfkonur hver annarri fegurri og héldu þær á þremur vösum sem virtust vera ofnir úr grasi. Þær lögðu þetta við fætur Hrungnis sem brosti og gaf merki. Út úr gjánni komu þrjú minni tröll sem hlupu á fjórum hrömmum og gripu vasana. Hreyfingar þeirra voru svo ónáttúrlegar að ég átti í erfiðleikum með að skilja það sem fyrir augu bar. Jafnskjótt og smátröllin birtust hurfu þau aftur inn í myrkrið milli klettanna. Álfkonurnar lyftu trékassanum, sem var stærri en þær, eins og ekkert væri og báru inn í röðina.

„Þar til að ári,“ sagði Hrungnir.

„Þar til að ári,“ svaraði álfadrottningin.

Tröllin hurfu milli klettanna.

Álfarnir töluðu sín á milli en þrátt fyrir fjarlægðina heyrði ég allt sem þeir sögðu.

„Hvað viltu gera við stúlkuna?“ spurði álfkona. Þær litu báðar á Láru sem stóð stjörf á meðal huldufólksins.



„Alltof langt er síðan mannvera var í hirð minni,“ sagði Hildur og hló. „Skal hún því ganga í bjarg og búa með oss.“

Ætluðu álfarnir í alvöru að ræna Láru? Ég varð að stöðva það. Þó hún gæti verið pirrandi vildi ég samt ekkert að hún hyrfi inn í einhverja hulduheima.

Álfahópurinn sneri við og sveif í átt að mér. Ég gróf mig í snjóinn í von um að þau myndu ekki sjá mig. Kuldinn nísti merg og bein og tennurnar fóru að glamra en ég lá grafkyrr og vonaði að galdur álfanna hrifi ekki mig líka. Þegar hópurinn var farinn hjá reisti ég mig við og hljóp á eftir þeim. Eins og áður var erfitt að halda í við þau og ég var um það bil að gefast upp en hræðslan við að tapa Láru veitti mér aukinn kraft. Ég mátti ekki gefast upp.

Álfarnir beygðu inn á flatlendið í átt að felli sem gnæfði yfir sléttu landslaginu eins og klettaey. Í skuggum tunglsljóssins virtist fellshlíðin mynda kastalturna og virkismúra. Þetta var augljóslega höll Hildar. Þegar hópurinn nálgast fellið klofnaði bergið í tvennt. Um leið bergmáluðu háværar drunur um sveitina og agnarsmá snjóflóð runnu eftir hliðunum. Halarófan streymdi inn um sprunguna og hvarf úr augsýn. Hvað myndi ég gera ef hliðið lokaðist áður en ég kæmi að því? Hvað myndi ég segja við mömmu og pabba? Ég hreinlega varð að komast inn og reyndi því að hlaupa enn hraðar. Ég hélt að ég ætti ekkert eftir en einhvers staðar djúpt innra með mér fann ég þó aukinn styrk. Þegar síðasti álfurinn gekk inn í höllina

tók bergið að renna saman með tilheyrandi látum. Ég hljóp enn hraðar og fann að ég var að niðurlotum kominn. Einungis lítil smuga var í berginu þegar ég kom að því en hún var nægilega stór fyrir mig. Ég stakk mér inn. Grjót umlukti mig algerlega og þrengdi að mér. Ég þrýsti mér innar og fann hvernig bergið kreisti mig áfram uns ég hafnaði í ógnarstórum sal. Smellur ómaði um rýmið þegar hliðið lokaðist fyrir aftan mig. Hvernig kæmist ég aftur út?

Ég kastaði mæðinni sem snöggvast en sem betur fer var enginn sjáanlegur. Huldufólkið virtist ekki hafa tekið eftir unglíngnum sem smyglaði sér inn á heimili þeirra. Hátt uppi í loftinu héngu luktir með stjörnum og bjuggu til tálsýn næturhimins en veggirnir voru grófir klettar.

Út frá salnum lágu þrír gangar en einungis í einum þeirra logaði ljóstýra. Ég áleit að halarófan hlyti að hafa farið þá leið. Ég læddist á eftir þeim þar til að ég kom að öðrum sal. Úr miðju loftinu lak vatnsstraumur ofan á upphækkun í gólfinu en vatnið hegðaði sér undarlega. Í stað þess að renna niður tröppur hringlaga pallsins myndaði það háseti úr vökva. Þótt ótrúlegt megi virðast sat Hildur þar með kórónu, sem leit út fyrir að vera smíðuð úr norðurljósum, og einhvern veginn hélst silfurkjóll hennar þurr.

Hásætissalurinn var baðaður gulleitri birtu sem kom frá lítilli sól en henni var haldið uppi af birkiskógi sem óx úr klettaloftinu. Veggirnir voru klæddir grænum mosa sem virtist rakur og mjúkur. Hirðin stóð and-

spænis drottningunni en á milli þeirra var Lára með grátbólgin augu. Álög huldufólksins virtust því ekki lengur dáleiða hana.

„Ég vil fara heim,“ sagði hún milli ekkasoganna.

„Þú ert komin heim,“ svaraði drottningin.

„Nei,“ snökti hún. „Ég vil fara til mömmu.“

„Kannski að bróðir þinn vilji hugga þig?“ Álfarnir litu skyndilega allir á mig. „Hvað segirðu, Konráð? Viltu ekki sinna systur þinni?“

Mamma kallaði mig stundum Konráð þegar ég hafði gert eitthvað af mér en allir aðrir kölluðu mig Konna. Þessi álfadrottning hafði svo sannarlega engan rétt til að ávarpa mig með þessum hætti svo ég reisti mig við og gekk beinn í baki í gegnum álfaskarann að Láru.

„Varla hélstu að við hefðum ekki séð þig?“ sagði Hildur og glotti.

„Ég var að vonast eftir því,“ svaraði ég.

„Og hvað hafðirðu svo hugsað þér að gera næst? Endurheimta Láru meðan ég sæi ekki til?“

„Það var ætlunin.“

Álfadrottningin hló hrossahlátri. „Mér þykir þú afskaplega bjartsýnn, ungi sveinn.“

Ég lagði höndina á öxl Láru en hún faðmaði mig þétt að sér. Greyið skalf eins og hrísla.

„Hvað gerum við þá?“ spurði drottningin.

„Við tvö ætlum heim,“ sagði ég ákveðinn.

„Er ekki fulllangt til Reykjavíkur, drengur minn? Auk þess hefði ég gefið tröllinu stúlkuna ef ég hefði

ekki ætlað að nota hana sjálf. Ég reikna með að Hrungnir hefði borgað betur en þú?“

„Nota hana?“

„Veistu hvað ég hef lifað lengi?“

„Nei,“ svaraði ég hikandi.

„Í fleiri ár en þú getur talið,“ sagði drottningin.

„Ég get nú talið ansi hátt!“

„Það má vel vera,“ sagði Hildur og hló. „Breytir því þó ekki að ég er ævafor. Næstum jafn gömul og risinn á Vikarsheiði. En ólíkt honum geta álfar dáíð og oftast er það ykkur mannfólkinu að kenna.“

„Hvað meinarðu?“

„Nú, þið mannfólið steypið, sprengið og malbikið allt sem fyrir er. Þú trúir því ekki hversu margar álfahallir hafa horfið á síðustu hundrað árum. Með tímanum mun þessi hverfa líka.“

„Hvað kemur það okkur við?“ sagði ég. „Ekki er ég að eyðileggja einhverjar álfahallir.“

„Kannski ekki en með einföldum og vel útfærðum galdri má breyta manni í álf og ég hafði hugsað mér að Lára tæki sér stöðu á meðal okkar.“

„Nei,“ grét Lára.

„Mér finnst ekki nema sanngjarnt að mannfólkið afhendi okkur einstaka barn í skiptum fyrir alla þessa eyðileggingu. Ertu ekki sammála?“ sagði drottningin.

„Kemur ekki til greina!“ sagði ég og faðmaði Láru fastar að mér.

„Skiptir svo sem ekki máli hvað þér finnst. Hér er það víst ég sem ræð og stúlkan fer ekki fet.“

„Hvað með mig?“ sagði ég ákveðinn.

„Hvað áttu við?“ spurði Hildur.

„Hvað ef þú færð mig í staðinn?“

Álfadrottningin brosti breitt. Álfakona steig út úr hirðinni og tók í höndina á Láru sem var aftur dáleidd af göldrum huldufólksins. Síðan svifu þær saman út úr hásetissalnum.

Ég skildi ekki hvað var að gerast. Hildur samþykkti tilboð mitt samstundis og virtist skyndilega vera sama um Láru. Hvers vegna? Var eitthvað annað og meira hér á seyði? Þá rann upp fyrir mér sannleikurinn.

„Þetta var þá áætlun þín eftir allt saman,“ sagði ég. Þetta margbrotna leikrit hafði verið sett á svið til þess eins að gabba mig. Þess vegna dáleiddu álfarnir Láru og teymdu mig hingað. Ég var ekki skynsamari en svo að ég gekk beint í gildruna.

„Auðvitað,“ svaraði drottningin. „Hvað hef ég við barn að gera? Þau eru alltof saklaus. En sá sem er mitt á milli æsku og manndóms hentar okkur vel.“

„Hvers vegna tókuð þið mig þá ekki strax?“

„Drengur minn, við erum ekki einhver villidýr eins og tröllin. Þú þarft að samþykkja örlög þín, annars virkar umbreytingargaldurinn ekki. Við getum ekki neytt þig til að vera hér nema þú samþykkir það sjálfur.“

Um leið og ég bauð mig fram byrjaði galdur álfanna að flæða um æðar mínar. Allar minningar mér tengdar hurfu úr hugum mannfólksins og myndir af mér molnuðu. Öll sönnunargögn um tilvist mína urðu að

engu. Það var eins og ég hefði aldrei verið til. Ég fann hvernig hár mitt breyttist og húðin lýstist upp. Mitt mannlega líf hvarf og eftir stóð vera umbreytt af göldrum sem var mitt á milli manndóms og æsku, mitt á milli manna og álfa. Engum dytti í hug að kalla mig huldumann en ég var nægilega líkur þeim til að þjóna hirðinni.

Næstu daga sat ég við glugga álfahallarinnar og starði sorgmæddur út á hið mennska. Ég horfði á jólahátíð fjölskyldu minnar fara fram eins og ekkert hafði í skorist. Gjafirnar frá mér og til mín voru ekki lengur til. Á hverjum morgni kynti pabbi upp í húsinu og Lára lék sér í hlíðinni. Það versta var að þau virtust vera hamingjusöm. Þau grunaði ekki að nokkurn vantaði. Eftir jólin pökkuðu þau öllu niður og gengu frá húsinu. Sama hvað ég öskraði á eftir bílnum hægði pabbi ekki ferðina og að lokum hurfu þau eftir þjóðvegnum.

Árin hafa liðið og ég hef horft á umhverfið breytast. Hildur hafði rétt fyrir sér, að lokum fóru mennirnir líka að steypa hér. Ekki mikið en með tímanum mun það aukast.

Álfarnir komu mér fyrir í hæsta turni hallarinnar. Þar rita ég sögu Hildar enda er ritfærni hluti af mennskum hæfileikum mínum. Blöðin eru úr eikarberki og penninn er horn af bjarndýrakóngi. Hvers vegna drottningin vill festa sögu sína á blað er mér hulin ráðgáta en með því hefur hún gefið mér tækifæri, því einu sinni ár ári fæ ég að fara í mannheima. Öllum þessum árum síðar bíð ég spenntur eftir vetrar-

sólstöðum þegar við göngum um sveitina. Ég horfi í átt að bóndabænum í von um að sjá fjölskyldu mína en hún er aldrei þar. Lára er væntanlega orðin fullorðin kona, pabbi fer bráðum að hætta að vinna en ellin mun víst aldrei heimsækja mig þó að dauðinn komi einhvern daginn.

Ég ákvað því að skrifa þessa sögu á bók og laumast til að skilja hana eftir utan álfahallarinnar. Þar sem ég skrifa þetta í álfalíki mun textinn vonandi ekki hverfa eins og mannsmynd mín. Bið ég þig svo, kæri lesandi, að muna eftir mér og hættunum sem leynast hér að vetri. Þér hefur væntanlega verið sagt frá hinum undarlegu verum sem koma úr fylgsnum sínum á Jónsmessu en þegar nóttin er lengst eru aðrir og eldri vættir á ferð.





---

## VEGGIR

*eftir*

Björn Halldórsson

**P**abbi bendir út um gluggann og segir: „Sérðu þetta! Þetta væri fullkomið!“ Ég er að keyra og spyr hvort hann vilji stoppa og skoða. Hann kinkar ákafur kalli: „Já, gerum það.“

Við erum búnir að vera að tala um eyðibýli alla ferðina, um að við ættum að kaupa eyðibýli og gera það upp saman. Eyðibýlið sem pabbi vill skoða er varla nema kofaskrifli en þó alveg nóg fyrir okkur. Steyptir veggirnir eru berir og sprungnir. Þaklaust, gluggarnir án glers og gluggapósta. Við sjáum glitta í sjóinn í gegnum kofann. Ég hægi ferðina og beygi niður afleggjarann, í gegnum opið hlið og út á malarveg sem breytist fljótt í tvo grasi gróna stíga sem dekin á litla jeppanum taka fagnandi, niðurinn í malbikinu sem

hefur fylgt okkur úr Reykjavík loks að baki. Við erum snemma á ferðinni og þó að daginn sé tekið að lengja er grasið enn gult og dautt og límt við jörðina eins og blautt hár. Hér er mýri og ég festi okkur um leið en pabbi leiðbeinir mér og lætur mig vaggja bílnum mjúklega fram og til baka. „Bara rétt tipla á bensín-gjöfina,“ segir hann og fyrir en varir sleppir jörðin takinu á okkur með blautum kossi.

Húsið hefur líklega aldrei verið neitt býli. Veggirnir eru svo mosagrafnir og veðraðir að þeir líta nánast út eins og hluti af náttúrunni. Ein hliðin er hrunin, steinhnullungarnir faldir í grasinu. Við þurfum að beygja okkur undir rafmagnsgirðingu til að komast nær. Ég flýti mér í gegn og stend svo á vírnum, ver mig fyrir straumnum með erminni og toga hinn vírinn upp til að gera pláss fyrir pabba. Hann er yfir sig hrifinn af húsinu. Það virðist hafa verið notað sem skjól fyrir dýr í einhverja áratugi. Á gólfinu er hestaskítur og olítutunna sem búið er að skera þversum til að nýta sem brynningarkar. Kofinn er eitt herbergi með skorsteinum í miðjunni. Ég stíg inn um gatið á veggnum og beygi mig niður. Tek upp ryðgaðan járnfleyg, brýt í tvennt og myl með höndunum. Líklega leifar af kamínu eða olíuofni. Ég stend við skorsteininn og horfi út um gluggana. Öldurnar bara hvítar línur í fjarska. Fjöllin með drangana sína sem standa upp úr grasi grónni fjallshlíðinni eins og tanngarður í risa sem steingerðist einhvern tímann í fornöld þegar svoleiðis týpur voru ennþá á vappi. Ég hugsa um hvernig það hafi verið að

sitja hér inni í kofaskriflinu með kuldann og nóttina allt í kring og ekkert til að halda í manni lífinu nema glóðina í kamínunni. Úti gengur pabbi hringinn og tekur upp litlar steinvölur og glerbrot og skoðar og strýkur hrjúfa veggina.

„Það er alveg eitthvað í þessum veggjum ennþá,“ segir hann. „Við þurfum bara steypu og smá móta-timbur og þá getum við hent okkur í þetta.“ Ég kinka kalli. Hann hefur eytt ævinni í að byggja hús fyrir annað fólk og ætti að vita hvað hann er að tala um. „Það er alveg eitthvað í þessum veggjum,“ endurtekur hann. Við förum að plana. Hvoru megin ætlum við að setja veröndina? Hvert fer eldhúsið og baðherbergið? Þurfum við rafmagn eða er ekki bara kósí að vera með gasofn til að halda á sér hita og kertaljós til að lesa?

Saman byggjum við húsið. Síðan beygjum við okkur aftur undir girðinguna og stígum inn í bílinn. Það er svolítið basl að snúa við á þröngum stígnum en það hefst á endanum. Að minnsta kosti veit ég núna hvernig ég á að komast yfir mýrina án þess að festast.

\* \* \*

Við stoppum í næsta bæ til að taka bensín og sjálf-salinn tekur kortið hans pabba af honum. Ég reyni og reyni að segja honum að ef hann slái aftur inn vitlaust pin-númer muni vélin gleypa kortið hans en hann hlustar ekki á mig.

„Ég kann alveg pinnið mitt,“ segir hann aftur og aft-

ur. Samt gleypir vélin kortið hans. Við erum fyrir utan litla bensínstöðvasjoppu og hann strunsar beint inn til að segja afgreiðslukonunni að sjálfsalinn sé bilaður. Hann vill frá kortið sitt aftur, núna. Verður reiður og er hálfvegis byrjaður að öskra á hana. Henni er ekki skemmt og reynir að segja honum að það sé ekkert sem hún geti gert í þessu en hann hlustar ekki. Þetta eru helvítis hormónalyfin. Þau fara svona í skapið á honum. Þau styrkja ónæmiskerfið en gera það líka að verkum að hann verður allur búlduleitur í andlitinu og tekur þessi æðisköst þegar eitthvað bjátar á. Ef hann týnir húslyklunum og er viss um að einhver hafi tekið þá, eða ef hann getur ekki pantað það sem hann vill í bakaríinu af því að hann man ekki lengur hvað sæta-brauðið sem blasir við í gegnum glerið heitir. Mér tekst á endanum að róa hann og koma honum út í bíl. Er orðinn vanur þessu. Hafði bara séð hann reiðan einu sinni eða tvisvar á ævinni þar til í ár. Nú er það daglegt brauð. Reiðin ekki lengur þögul og kraumandi eins og áður heldur skrækroma og máttlaus. Ég reyni ekkert að segja honum að hann hafi slegið inn vitlaust pin-númer heldur samþykki bara að sjálfsalinn sé eitthvað bilaður. Segi að við munum finna út úr þessu þegar við komum aftur til Reykjavíkur. Skulum hringja í bankann og ekki láta þetta eyðileggja túrinn.

Þegar hann er sestur og búinn að spenna beltið segist ég hafa gleymt að kaupa tyggjó og fer aftur inn til að tala við afgreiðslukonuna. Ég segi henni að það sé ekkert að sjálfsalanum. Ég bið hana afsökunar á öll-

um látunum og reyni að útskýra að ekkert af þessu sé hann heldur bara helvítis ógeðið sem situr sem fastast í drekasvæðinu í heilanum á honum og étur hann hægt að innan. Lætur hann hrörna og öskra og gleyma orðum og nöfnum og fólki og pin-númerum. Þetta er ekki hann, segi ég. Hann gerir ekki svona. Hann er rosalega góður maður, segi ég. Hann byggir hús fyrir fólk. Ég veit að hún þarf ekki að vita neitt af þessu en finnst samt mikilvægt að það sé sagt. Þegar ég sest aftur inn í bíl hallar þabbi fram í beltinu, alveg búinn eftir reiðikastið.

„Helvítis maskínan,“ segir hann og ég kinka kolli. Við keyrum út úr þorpinu. Ég fer strax að skima eftir fleiri eyðibýlum.



---

## HÖFUNDAR

*efnis í þessu hefti*

BJÖRN HALLDÓRSSON hefur gefið út smásögur í Tímariti Máls og menningar og í tímaritinu Stínu, ásamt ýmsum prent- og netútgáfum í Skotlandi. Hann er með MFA gráðu í ritlist frá Háskólanum í Glasgow og kenndi skapandi skrif við skólann meðan á náminu stóð. Hann býr í Reykjavík og er meðlimur í Reykjavíkur Akademiunni.

EINAR LEIF NIELSEN er á öðru ári í meistaranámi í ritlist við Háskóla Íslands en lauk áður meistaraprófi í hagnýtri stærðfræði. Fyrsta skáldsaga hans, *Hvítir múrar borgarinnar*, kom út snemma árs 2013.

EINAR LÖVDAHL er fæddur í Bandaríkjunum árið 1991. Hann býr í Vesturbænum og leggur stund á íslensku við Háskóla Íslands. Haustið 2013 gaf hann út fyrstu breiðskifu sína, *Tímar án ráða*.

GUÐRÚN INGA RAGNARSDÓTTIR er fædd árið 1983 í Reykjavík. Hún er með BA-próf í íslensku og MA-próf í ritlist frá Háskóla Íslands og hefur birt smásögur í ýmsum safnritum og tímaritum. Guðrún er Reykvíkingur, búsett í Vesturbænum, og vinnur um þessar mundir að fyrstu skáldsögu sinni, sem nefnist *Plan B*.

HRAFNHILDUR ÞÓRHALLSDÓTTIR stundar mastersnám í ritlist við Háskóla Íslands. Hún starfar sem kennari, á barn og hund, fer í jóga og reynir að vera næs. Árið 2014 gaf Nikka út fyrstu bók hennar, *Saltvatnaskil*.

MAGNÚS SIGURÐSSON er fæddur árið 1984. Fyrir sína fyrstu ljóðabók, *Fiðrildi, mynta og spörfuglar Lesbíu*, hlaut hann Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2008. Árið 2013 hlaut Magnús Ljóðstaf Jóns úr Vör. Síðasta ljóðabók hans ber titilinn *Krummafótur* (Dimma 2014).

ÞÓRDÍS HELGADÓTTIR er heimspekingur og texta-smiður og stundar meistaranám í ritlist við Háskóla Íslands. Hún býr í vesturbæ Reykjavíkur með eiginmanni, tveimur börnum og feimnum ketti.



## TUNGLIÐ FORLAG

Tunglið kallar á skáldskap og Tunglið forlag svarar kallinu með útgáfu tunglbóka. Tunglbækur eru nokkuð ólíkar jarðarbókum hvað varðar bæði snið og innihald. Þær innihalda prófaskáldskap sem virðir að vettugi algengustu hugmyndir um lögun skáldsagna. Tunglbækur koma út á fullu tungli. Á Tunglkvöldum eru allar dyr opnar, allan tímann, því hið föla skin tunglsins hlífir engum.

## TUNGLBÆKUR

- I. *Bréf frá Bútan* eftir Ragnar Helga Ólafsson, 23. júní 2013.
- II. *Eilífar speglanir* eftir Kristínu Ómarsdóttur, 23. júní 2013.
- III. *Kviðasnillingurinn* eftir Sverri Norland, 22. júlí 2013.
- IV. *veraldarsaga (mín)* eftir Pétur Gunnarsson, 22. júlí 2013.
- V. *Líf mitt, til dæmis* eftir Margréti Bjarnadóttur, 21. ágúst 2013.
- VI. *Bananasól* eftir Björk Þórgrímsdóttur, 21. ágúst 2013.
- VII. *Spennustöðin* eftir Hermann Stefánsson, 14. febrúar 2014.
- VIII. *Stálskip* eftir Atla Sigþórsson, 14. febrúar 2014.
- IX. *Kúbudagbókin* eftir Óskar Árna Óskarsson, 4. apríl 2015.
- X. *Hugmyndir ...* eftir Halldór Halldórsson, 4. apríl 2015.
- XI. *Skiðblaðnir, fyrsti* eftir ýmsa höfunda, 22. febrúar 2016.
- XII. *Skiðblaðnir, annar* eftir ýmsa höfunda, 22. febrúar 2016.

## MOND-BÜCHER (Á ÞÝSKU)

- I. *Briefe aus Bhutan* eftir Ragnar Helga Ólafsson, 27. október 2015.
- II. *Ewige spiegelungen* eftir Kristínu Ómarsdóttur, 27. október 2015.

## ÖNNUR VERK

*Sjálfsmorðstiðni í Finnlandi* eftir Dag Hjartarson, apríl 2013.

*Alzheimer-tilbrigðin* eftir Hjört Marteinnsson, október 2014.

*The Palace of the Summerland: Ragnar Kjartansson and Friends at TBA21*, 2014.

*Ljóð daganna: 29. mars – 28. apríl 2014*, ritstj. Ragnar Helgi Ólafsson, apríl 2015.

„LÍFIÐ HEFUR  
TEKIÐ MIG TIL BÆNA.  
Í BAKSÝNISSPEGLINUM ER  
HEIMSENDIR OG ASKA,  
MISSIR Á STÓRA  
SKALANUM OG ALGJÖR  
EYÐILEGGING.“